

Ársreikningur

2025



Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	3
Fjárhagslegar lykiltölur	7
Áritun óháðra endurskoðenda	8
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	12
Efnahagsreikningur	13
Eiginfjáryfirlit	14
Sjóðstreymisyfirlit	15
Skýringar	16
Viðaukar:	
Ársfjórðungsyfirlit	38
Stjórnarháttayfirlýsing	40
Ófjárhagslegar upplýsingar	45

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningur Sýnar hf. fyrir árið 2025

Um Sýn hf.

Sýn hf. er alhliða fjarskipta-, fjölmiðla- og tæknifyrirtæki sem veitir einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum þjónustu í gegnum vörumerkin SÝN, SÝN+, SÝN Sport, Vísi, Bylgjuna, FM957, X977 og Já. Félagið er í stefnumarkandi alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group, eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims.

Á árinu 2025 tók Sýn stórt og metnaðarfullt skref í sameiningu miðla- og fjarskiptastarfsemi þegar vörumerkin Vodafone, Stöð 2, Stöð 2+ og Stöð 2 Sport voru sameinuð undir merkjum Sýnar. Með þessu breytingum var unnið marksvissst að því að einfalda ásýnd og vöruframboð félagsins, samræma þjónustu og bæta heildarupplifun viðskiptavina. Einnig tók félagið við sýningaréttinum af enska boltanum undir yfirskriftinni "Enski boltinn hefur aldrei verið stærri" sem endurspeglar metnaðafulla umgjörð og aukna áherslu á vandaða dagskrárgerð. Lagður var mikill metnaður í alla umfjöllun um deildina og eru allir leikir sýndir í beinni útsendingu. Valdir stórleikir njóta veglegrar upphitunar og uppgjörs úr sjónvarpssal og sérstakir þættir á borð við DocZone, Messan og umfjöllun um stórleikina í umsjón Kristjönu Arnars styrkja heildarumgjörðina utanum Enska boltann.

Rekstur ársins 2025

EBITDAaL að fráðregnum fjárfestingum nam 306 m.kr. samanborið við neikvæða 628 m.kr. árið áður, þá var EBIT 312 m.kr. samanborið við neikvæða 657 m.kr. (504 m.kr. án virðisrýrnunar) árið áður.

Í upphafi árs var gefið út að EBIT ársins yrði á bilinu 800 - 1200 m.kr. Gert var ráð fyrir að reksturinn yrði þungur vegna innleiðingar nýrrar stefnu og endurmörkunar á fyrstu tveimur ársfjórðungum ársins og undirbúningi fyrir Enska boltann. Ljóst er að tekjuáætlun fyrir hlutanetstekjur (IoT) og auglýsingar var of brött og var farið í mótvægisáðgerðir til að mæta áætluðum frávikum á þeim tekjum með lækkun kostnaðar og frekari hagræðingum.

Á þriðja ársfjórðungi komu nýjar vörur félagsins á markað þegar félagið einfaldaði framboð sitt og bjó til nýja pakka sem sameinuðu þjónustur, t.d. farsíma, internet og sjónvarp í einum pakka. Fleiri böndlar seldust en gert var ráð fyrir en á móti hafði sala á stökum sjónvarpsáskriftum verið undir áætlunum. Þar sem þökkum fylgja jafnan frímánuðir hafði þetta í för með sér talsverða seinkun á tekjum og lækkun á sjóðstreymi. Margrædd íhlutun Fjarskiptastofu skipti þarna miklu máli. Í kjölfarið birti félagið afkomuviðvörðun þar sem ljóst var að áætlanir félagsins myndu ekki nást. Ný afkomuspá gerði ráð fyrir að EBIT yrði um 280 m.kr. fyrir árið, EBITDAaL um 3.450 m.kr., fjárfestingar um 3.150 m.kr. og EBITDAaL að fráðregnum fjárfestingum um 300 m.kr.

Fjórði ársfjórðungur var í samræmi við uppfærðar áætlanir félagsins. Þegar leiðrétt er fyrir hlutanetstekjum (IoT) tekjum þarf að fara aftur að 3F 2019 til að finna betri fjórðung. Tekjuvöxtur á fjórðungnum samanborið við 4F 2024 nam 6% þrátt fyrir áframhaldandi samdrátt á tekjum af IoT og Hýsingar- og rekstrarlausnum.

Mikilvægum áfanga var náð þegar við kláruðum innleiðingu á nýjum ferlum og fjárhagskerfi sem gerðu okkur kleift að ráðast í ítarlegri starfsþáttagreiningu. Það veitir okkur skýrari sýn á afkomu allra rekstrareininga félagsins og leggur grunn að markvissum aðgerðum í hagræðingu og endurskipulagningu.

Fjöldi ársverka í lok árs voru 393 samanborið við 422 árið 2024.

Efnahagsreikningur

Rekstrarfjármunir lækkuðu um 1.688 m.kr. og aðrar óefnislegar eignir um 618 m.kr. og skýrist þessi lækkun að mestu leiti á sölu eigna til Sendafélagsins. Veltufjármunir hækkuðu um 906 m.kr. á milli ára og námu 7.582 m.kr. í árslok 2025, sem skýrist að mestu af hækkun viðskiptakrafna um 1.022 m.kr. en þar inni var krafa á Sendafélagið vegna kaupa þess á eignum af félaginu. Heildareignir félagsins námu 30.862 m.kr. í árslok 2025 samanborið við 31.050 m.kr. í árslok 2024.

Eiginfjárlutfall félagsins var 26,1% í árslok 2025 samanborið við 27,9% í árslok 2024.

Við endurmat á leiguskuldbindingum félagsins hækkuðu leigueignir og leiguskuldir um 654 m.kr. Vaxtaberandi skuldir félagsins hækkuðu um 416 m.kr. en á móti kemur að krafa á Sendafélagið í formi hluthafaláns uppá 1.024 m.kr.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra frh.:

Sjóðstreymi

Félagið horfir nú á EBITDAaL að frádregnum fjárfestingum sem mælikvarða um frjálst sjóðstreymi frá rekstri, en eins og fram kemur í rekstrartölum nam hún 306 m.kr. en var neikvæð um 628 m.kr. árið áður. Þar munar mest um að fjárfestingar ársins námu 3.150 m.kr. samanborið við 3.937 m.kr. árið áður. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum á árinu 2025 voru 940 m.kr. á móti 1.729 m.kr. á árinu 2024. Þessi lækkun skýrist af því að meiri uppbygging var á 5G innviðum árið 2024 auk þess sem stórt innleiðingarverkefni á hugbúnaði sem hófst árið 2021 lauk árið 2024. Fjárfestingar í sýningarréttum voru nánast óbreyttar milli ára og námu 2.210 m.kr. Greiðsla vegna leiguskuldbindinga lækkaði um 42 m.kr. á milli ára og nam 648 m.kr. Á árinu voru engin eigin bréf keypt samanborið við 76 m.kr. árið 2024.

Handbært fé frá rekstri var 3.235 m.kr. samanborið við 4.173 m.kr. árið 2024. Lækkunin skýrist að stórum hluta af því að á árinu 2024 innheimtist 2.000 m.kr. viðskiptakrafa á Ljósleiðarann vegna sölu á stofnneti sem jók handbært fé frá rekstri það ár verulega og því órekstrartengt.

Samruni við Njálu og Endor og sala á innviðum til Sendafélagsins

Þann 1. janúar 2025 sameinuðust Eignarhaldsfélagið Njála ehf., Já hf. og Endor ehf. við rekstur Sýnar hf. Með sameiningunni einfaldast rekstrarumhverfi félagsins. Þá seldi Sýn þann hluta eigna og reksturs á fjarskiptabúnaði (RAN) til Sendafélagsins. Áhrifin af þessu eru þau að EBITDA lækkar þar sem kostnaður sem áður féll í afskriftir og fjármagnskostnað færist upp í kostnaðarverð seldra vara en áhrif á afkomu eru jákvæð og fjárfestingaþörf minnkar til muna.

Óvissuþættir og ytra umhverfi

Óvissa um hvernig stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins tekst til við að ráða niðurlögum verðbólgu og lækka vexti eru áfram almennir óvissuþættir í ytra umhverfi Sýnar jafnt sem annarra fyrirtækja hér á landi.

Rekstrarumhverfi fjölmiðlahluta Sýnar er áskorun líkt og annara einkarekinna innlendra miðla. Samkeppni við alþjóðlega tæknirisa um auglýsinga- og áskriftatekjur heldur áfram að harðna og um helmingur auglýsingafjár á Íslandi rennur til erlendra aðila. Á sama tíma heldur staða Ríkisútvarpsins áfram að styrkjast, bæði vegna hækkandi opinberra framlaga og áframhaldandi umsvifa á auglýsingamarkaði.

Ísland sker sig úr á Norðurlöndum að því leyti að ríkisfjölmiðill starfar hér í virkri samkeppni á auglýsingamarkaði samhliða vaxandi opinberu fjármagni. Sú tvíþætta fjármögnun skapar verulega samkeppnisskekkju á markaði þar sem einkareknir miðlar hafa á sama tíma þurft að draga saman umsvif og starfsmönnum fækkað.

Á árinu kynnti menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið aðgerðaráætlun í málefnum fjölmiðla. Heildstætt mat á tillögunum bendir til þess að þar sé að finna málefnalegar og raunhæfar aðgerðir, en jafnframt tillögur sem óvissa ríkir um varðandi framkvæmd og aðrar sem kunna að ganga gegn yfirlýstum markmiðum um jafnræði og sjálfbærni á fjölmiðlamarkaði. Óljóst er að svo stöddu að hve miklu leyti tillögurnar verða innleyddar í reynd.

Ráðast þarf að rót vandans með skýrum aðgerðum sem takmarka umsvif RÚV á samkeppnismarkaði og tryggja jafnræði innlendra miðla gagnvart erlendum streymisveitum og auglýsingamiðlum.

Hlutfé og samþykktir

Hlutfé félagsins nam í árslok 2.476 m. kr. Hver hlutur er 10 krónur að nafnverði. Hlutféð er í einum flokki sem skráður er á hlutabréfamarkað Nasdaq Iceland. Allir hlutir njóta sömu réttinda. Eigendur hluta í félaginu eiga rétt til arðs í hlutfalli við eign sína við arðsúthlutun. Í lok árs 2025 átti félagið engin eigin bréf.

Stjórn leggur til að ekki verði greiddur arður vegna rekstrarársins 2025.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra frh.:

Hlutfé og samþykktir, frh.:

Hluthafar í árslok 2025 voru 410 (2024: 380) Eftirfarandi tafla sýnir 10 stærstu hluthafa við árslok 2025 og breytingar á atkvæðahlutdeild þeirra á árinu.:

Nafn	Fjöldi hluta 31.12.2025 (´000)	hlutur % 31.12.2025	Fjöldi hluta 31.12.2024 (´000)	hlutur % 31.12.2024
Gavia Invest ehf.	45.147	18,2%	45.147	18,2%
Gildi - lífeyrissjóður	39.491	15,9%	39.491	15,9%
Skel fjárfestingafélag hf.	25.000	10,1%	0	0,0%
Reir ehf.	20.650	8,3%	20.650	8,3%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	13.678	5,5%	13.678	5,5%
Arion banki hf.	12.526	5,1%	15.605	6,3%
InfoCapital ehf.	12.000	4,8%	10.000	4,0%
Arcus Invest ehf.	11.027	4,5%	9.450	3,8%
Tækifæri ehf.	10.863	4,4%	7.464	3,0%
Birta lífeyrissjóður	8.519	3,4%	9.408	3,8%
	198.901	80,3%	170.893	69,0%
Aðrir hluthafar	48.748	19,7%	76.756	31,0%
Sýn - eigin hlutir	0	0,0%	0	0,0%
Samtals útistandandi hlutir	247.649	100,0%	247.649	100,0%

Nánari upplýsingar um atriði tengd hlutfé er að finna í skýringu 18. Viðbótarupplýsingar um hluthafa má nálgast á vefsíðu Sýnar hf. www.syn.is

Umbætur á upplýsingagjöf

Á árinu var ráðist í umbætur á fjárhagslegri upplýsingagjöf til fjárfesta. Uppröðun rekstrarreiknings var einfölduð og gerð læsilegri, og félagið hóf að leggja aukna áherslu á EBITDAaL og fjárfestingar sem lykilmælikvarða í stað EBIT, enda endurspeglar þeir betur undirliggjandi rekstur þegar tekið er tillit til áhrifa IFRS 16 vegna leiguskuldbindinga félagsins. Jafnframt var starfspáttagreining birt í fyrsta skipti þar sem afkoma er sundurliðuð niður á fjarskipti og fjölmiðlun, og tölulegar upplýsingar voru aðgengilegar á Excel-formi til einföldunar fyrir greiningaraðila.

Stjórnarhættir og ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Stjórn Sýnar hf. leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins og voru endurútgefnar árið 2021.

Sýn birtir upplýsingar árlega um ófjárhagsleg atriði tengd starfsemi félagsins í samræmi við lög um ársreikninga en þar er kveðið á um að félagið skuli láta fylgja með skýrslu stjórnar, ófjárhagslega upplýsingagjöf í samræmi við ákvæði 66. gr. d í lögum um ársreikninga 3/2006. Til viðbótar, þá birtir Sýn árs- og sjálfbærnisráðgjöf sem byggir á valkvæðum upplýsingastaðli (e. Voluntary Reporting Standard for SMEs, VSME) sem Evrópusambandið hefur sett fram. Haustið 2025 fór Sýn í uppfærslu á tvöfaldri mikilvægisgreiningu með það að markmiði að skerpa á áherslum og mikilvægisþáttum m.t.t. kjarnastarfsemi félagsins og virðisbætur þess. Á sama tíma var sjálfbærnistefna félagsins endurútgefin.

Stjórn og stjórnendur vinna samkvæmt siðareglum félagsins og bera ábyrgð á áhættu sem tengist stjórnarháttum, siðferði, spillingu og hlítni við lög og reglur. Sýn fylgir viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, með það að markmiði að styrkja innviði Sýnar og auka gagnsæi.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra frh.:

Stjórnarhættir og ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh:

Markmiðið er að stefnan endurspegli lykil sjálfbærniáherslur Sýnar út frá veigamestu UFS áhrifum starfseminnar sem og utanaðkomandi UFS áhættum sem að félaginu steðja. Skal slíkt vera mælt í samræmi við gildandi lög og leiðbeinandi viðmið og innleitt í almennt áhættumat félagsins. Áhersla er lögð á að samþætta sjálfbæra starfshætti í starfsemi, markmið og aðgerðir félagsins og draga úr áhættu tengdri sjálfbærni ásamt því að greina skilmerkilega frá slíku í upplýsingagjöf félagsins.

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga. Er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2025 ásamt rekstrarafkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir árið 2025 gefi glögg yfirlit um árangur af rekstri félagsins, stöðu þess og þróun og lýsi helstu áhættuþáttum sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Sýnar hf. hafa í dag fjallað um og afgreitt ársreikning félagsins fyrir árið 2025 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. febrúar 2026

Í stjórn

Hákon Stefánsson, stjórnarformaður

Heiðrún Lind Marteinsdóttir

Petrea I. Guðmundsdóttir, varaform.


Páll Gíslason

Ragnar Páll Dyer

Forstjóri

Herdís Dröfn Fjeldsted

Fjárhagslegar lykiltölur



* Búið er að leiðrétta EBITDAaL samstæðunnar árið 2024 fyrir rekstrarhagnaði af aflagðri starfsemi og virðisrýrnun.

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Sýnar hf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Sýnar hf. („félagið“) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga á Íslandi.

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun ársreikninga eininga tengdum almannahagsmunum á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðislegar skyldur okkar í samræmi við þessar reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt bestu vitund okkar og skilningi lýsum við yfir að við höfum ekki veitt neina óheimila þjónustu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014 og að við erum óháð félaginu við endurskoðunina.

Við vorum fyrst kjörin endurskoðendur á aðalfundi félagsins þann 11. mars 2024 og höfum verið endurskoðendur félagsins samfelld síðan þá.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun ársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á ársreikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

Lykilþáttur	Endurskoðunin
Tekjuskráning	
Tekjuskráning félagsins er umfangsmikil og mikill fjöldi færsla flæðir í gegnum ýmis kerfi.	Endurskoðunaraðgerðir okkar voru miðaðar að því að leggja mat á hönnun, innleiðingu og virkni á viðeigandi eftirlitsþáttum sem tengjast tekjuskráningu ásamt því að beita gagnaendurskoðunaraðgerðum með það að markmiði að sannreyna heild og nákvæmni tekjuskráningar.
Tekjur félagsins skiptast niður á fjölmiðlun, internet, farsíma, fastlínu, hýsingar- og rekstrarlausnir, vörusölu og aðrar tekjur. Gerð er grein fyrir tekjustraumum og tekjuskráningu félagsins í skýringu 4.	Við lögðum mat á þau fjárhags- og upplýsingakerfi sem notuð eru við tekjuskráningu og flæði á milli tekjukerfa og fjárhagskerfis. Við lögðum mat á eftirlitsaðgerðir tengdum tekjuskráningu og öfluðum skýringa eða rákum í undirgögn.
Skráning tekna er einn af lykilþáttum í endurskoðun á ársreikningi félagsins vegna mikils fjölda af færslum í tekjuskráningarkerfum félagsins.	Við skoðuðum aðgangsheimildir starfsmanna í fjárhags- og upplýsingakerfum félagsins. Við yfirförum afstemmingar milli tekjukerfis og fjárhagskerfis. Við prófuðum valdar handfærðar bókhaldsfærslur á tekjulyklum. Við framkvæmdum greiningar á tekjum þar sem við bjuggum til væntingar á tekjum út frá gefnum forsendum og bárum rauntekjur saman við væntingar. Við notuðum greiningartæki við skoðun á tekjufærslum til að greina óvenjulegar færslur tekna til frekari skoðunar.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

Lykilþáttur	Endurskoðunin
Mat viðskiptavildar	
Bókfært virði viðskiptavildar í árslok 2025 nam 7,8 ma. kr. Það samsvarar 26% af heildareignum og er stærsta einstaka eign félagsins.	Við ásamt verðmatssérfræðingum okkar lögðum mat á forsendur sem stjórnendur nota við útreikning á núvirtu framtíðarsjóðstreymi fyrir hverja fjárskapandi einingu.
Viðskiptavild hefur verið úthlutað á sjóðskapandi einingu innan félagsins sem hún tilheyrir. Árlega ber að framkvæma virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild og öðrum eignum sem hafa óskilgreindan líftíma.	Við lögðum mat á forsendur rekstrar- og sjóðstreymisáætlana til næstu fimm ára. Við yfirferðina var lagt mat á forsendur um tekjur, rekstrarkostnað, framlegð og fjárfestingar fyrir spátímabilið. Við yfirferð á rekstrar- og sjóðstreymisáætlunum er meðal annars horft til frávika frá áætlunum fyrri ára.
Mat á verðmæti viðskiptavildar er einn af lykilþáttum í endurskoðun á ársreikningi félagsins vegna þess hversu hátt hlutfall viðskiptavild er af heildareignum hennar og um er að ræða eign sem háð er mati stjórnenda. Mat á verðmæti viðskiptavildar byggir á væntingum stjórnenda um núvirt framtíðarsjóðstreymi sjóðskapandi eininga.	Við lögðum mat á forsendur fyrir áætluðum framtíðarvexti að loknu spátímabilinu. Við yfirförum og sannreindum útreikninga félagsins.
Í skýringu 11 er fjallað um virðisrýrnunarpróf sem framkvæmt var á viðskiptavild félagsins í árslok og í skýringu 2b er fjallað um reikningsskilaaðferðir.	Við yfirförum ávöxtunarkröfu (WACC) sem notuð er við núvirðingu sjóðstreymis. Ávöxtunarkrafan var borin saman við fjármagnskostnað félagsins og aðrar markaðsforsendur. Forsendur stjórnenda voru bornar saman við ytri og innri gögn. Við lögðum mat á skýringar í ársreikningi og staðfestum að helstu upplýsingar sem reikningsskilareglur kveða á um kæmu fram.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru upplýsingar í ársskýrslu að undanskildum ársreikningi og áritun okkar á hann.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á ársreikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga á Íslandi og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og forstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og forstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Öflum við skilnings á innra eftirliti sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða aðgerða við höfum gripið til að eyða áhættu eða varúðarráðstafanir til að bregðast við henni.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Áritun og staðfesting vegna annarra ákvæða laga og reglna

Áritun vegna sameiginlegs rafræns skýrslusniðs (ESEF reglur)

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi Sýnar hf. framkvæmdum við aðgerðir til að geta gefið álit á því hvort ársreikningur Sýnar hf. fyrir árið 2025 með skráarheitið 635400KNUVGJX31S518- 2025-12-31-is.xbri hafi í öllum meginatriðum verið gerður í samræmi við lög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021 um sameiginleg rafræn skýrslusnið í samræmi við reglugerð ESB 2019/815 sem inniheldur skilyrði sem tengjast gerð ársreikningsins á XHTML formi og iXBRL merkingum.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

Áritun vegna sameiginlegs rafræns skýrslusniðs (ESEF reglur), frh.:

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð ársreikningsins í samræmi við lög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021. Í því felst meðal annars að útbúa ársreikninginn á XHTML formi í samræmi við ákvæði reglugerðar ESB 2019/815, um sameiginleg rafræn skýrslusnið.

Ábyrgð okkar er að afla hæfilegrar vissu, byggt á gögnum sem við höfum aflað, um hvort ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við ESEF reglur og gefa út áritun með álit okkar. Eðli, tímasetning og umfang vinnunnar byggja á mati endurskoðandans, þar á meðal mati á hættunni á að vikið sé í verulegum atriðum frá kröfum sem fram koma í ESEF reglunum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Það er álit okkar að ársreikningur Sýnar hf. fyrir árið 2025 með skráarheitið 635400KNUVGJX3IIS518- 2025-12-31-is.xbri sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við ESEF reglur.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Hjördís Ýr Ólafsdóttir, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun ársreikningsins og þessari áritun.

Reykjavík 26. febrúar 2026

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

	Skýr.	2025	2024*
Rekstrartekjur			
Seldar vörur og þjónusta	4	21.981	21.647
Rekstrarkostnaður			
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu		8.903	8.702
Laun og launatengd gjöld	5	6.200	6.244
Annar rekstrarkostnaður		2.171	2.080
		17.274	17.026
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir, EBITDA		4.707	4.620
Afskriftir	8	(4.395)	(4.117)
Virðisrýrnun	8	0	(1.161)
Rekstrarafkoma		312	(657)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur	6	36	54
Fjármagnsgjöld	6	(1.272)	(1.354)
Gengismunur		21	10
Hrein fjármagnsgjöld		(1.215)	(1.290)
Áhrif hlutdeildarféлага	12	7	7
Tap fyrir tekjuskatt		(895)	(1.940)
Tekjuskattur	15	262	261
Tap ársins af áframhaldandi starfsemi		(634)	(1.679)
Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta		0	161
Tap ársins		(634)	(1.518)
Önnur heildarafkoma			
Rekstrarliðir færðir á eigið fé sem síðar kunna að vera endurflokkaðir í rekstur			
Þýðingarmunur		(4)	(44)
Heildarafkoma ársins		(638)	(1.562)
Tap á hlut og þynnt tap á hlut*	19	(2,6)	(6,1)

* Fjárhæðum fyrir árið 2024 hefur verið breytt til samræmis við breytta framsetningu rekstrarreiknings.
Skýringar á bls. 16-36 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings félagsins.

Efnahagsreikningur

	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024*
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir	7	1.609	3.298
Viðskiptavild	10	7.818	7.818
Aðrar óefnislegar eignir	10	4.634	5.252
Leigueignir	11	7.869	7.723
Eignahlutir í félögum	12	917	85
Langtímaleigukröfur		99	127
Tekjuskattseign	16	334	71
Fastafjármunir samtals		23.280	24.374
Veltufjármunir			
Sýningarréttir	13	2.451	2.427
Birgðir	3	363	347
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímaskröfur	17	4.661	3.639
Handbært fé		107	264
Veltufjármunir samtals		7.582	6.676
Eignir samtals		30.862	31.050
Eigið fé			
Hlutfé		2.476	2.476
Yfirverðsreikningur hlutafjár		542	542
Annað bundið eigið fé		39	498
Óráðstafað eigið fé		4.993	5.136
Eigið fé	18	8.050	8.652
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir	20	3.791	4.126
Leiguskuldbindingar	11	11.824	11.615
Langtímaskuldir samtals		15.615	15.741
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir	20	3.006	2.255
Leiguskuldbindingar	11	584	642
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	21	3.608	3.760
Skammtímaskuldir samtals		7.197	6.657
Skuldir samtals		22.812	22.398
Eigið fé og skuldir samtals		30.862	31.050

Skýringar á bls. 16-36 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings félagsins.

* Fjárhæðir fyrir árið 2024 eru fengnar úr samstæðureikningi félagsins, sjá skýringu 23.

Eiginfjáryfirlit

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Annað bundið eigið fé		Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
			Þýðingar- munur	Bundinn reikningur		
2024						
Eigið fé 1.1.2024	2.493	602	48	226	6.920	10.288
Tap ársins	-	-	-	-	(1.518)	(1.518)
Þýðingarmunur	-	-	(44)	-	-	(44)
Heildarafkoma ársins	0	0	(44)	0	(1.518)	(1.562)
Keyptir eigin hlutir	(16)	(60)	-	-	-	(76)
Kaupréttir	-	-	-	3	-	3
Hagnaður hlutdeildarfé. og dótturfél. umfram arðgreiðslu	-	-	-	265	(265)	0
Eigið fé 31.12.2024	2.476	542	4	494	5.136	8.652
2025						
Eigið fé 1.1.2025	2.476	542	4	494	5.136	8.652
Tap ársins	-	-	-	-	(634)	(634)
Þýðingarmunur	-	-	(4)	-	-	(4)
Heildarafkoma ársins	0	0	(4)	0	(634)	(638)
Kaupréttir	-	-	-	36	-	36
Bundið eigið fé leyst upp vegna samruna	-	-	-	(491)	491	-
Eigið fé 31.12.2025	2.476	542	0	39	4.993	8.050

Skýringar á bls. 16-36 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings félagsins.

Sjóðstreymisyfirlit

	Skýr.	2025	2024*
Tap ársins samkvæmt rekstrarreikningi		(634)	(1.518)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi:			
Söluhagnaður		(59)	0
Afskriftir	8	4.395	4.117
Virðisráðun	8	0	1.161
Kaupréttarsamningar	18	36	3
Hrein fjármagnsgjöld	6	1.219	1.293
Áhrif hlutdeildarféлага	12	(7)	(7)
Tekjuskattur	15	(262)	(266)
Áhrif af aflagðri starfsemi		0	(180)
Veltufé frá rekstri		4.687	4.605
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, (hækkun) lækkun		(17)	282
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	17	(92)	2.149
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, lækkun	21	(101)	(1.550)
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		4.477	5.485
Innborgaðar vaxtatekjur		35	44
Greidd vaxtagjöld		(1.278)	(1.356)
Handbært fé frá rekstri		3.235	4.173
Fjárfestingahreyfingar			
Sala dótturfélaga, að frádregnu seldu handbæru fé		0	(64)
Sala eignarhluta í öðrum félögum		0	100
Mótttekinn arður		7	0
Handbært fé fært út v. Sendafélags		(15)	0
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	7	(399)	(714)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	10	(541)	(1.015)
Fjárfesting í sýningarrétti	13	(2.210)	(2.208)
Fjárfestingahreyfingar samtals		(3.158)	(3.901)
Fjármögnunarahreyfingar			
Keyptir eigin hlutir		0	(76)
Afborganir vaxtaberandi skulda		(338)	(338)
Rekstrarlán, breyting		751	475
Afborganir leiguskuldbindinga		(648)	(690)
Fjármögnunarahreyfingar samtals		(234)	(628)
Breyting á handbæru fé		(157)	(356)
Handbært fé í byrjun ársins		264	624
Gengisbreyting á handbæru fé		0	(5)
Handbært fé í lok ársins		107	264
Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa			
Seldir rekstrarfjármunir		1.842	0
Keyptir eignarhlutir í hlutdeildarfélagi		(818)	0
Lán til Sendafélagsins		(1.024)	0

Skýringar á bls. 16-36 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings félagsins.

* Fjárhæðir fyrir árið 2024 eru fengnar úr samstæðureikningi félagsins, sjá skýringu 23.

Skýringar

1. Félagið

Sýn hf. ("félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík. Sýn hf. veitir einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum þjónustu í gegnum vörumerkin SÝN, SÝN+, SÝN Sport, Vísi, Bylgjuna, FM957, X977 og Já. Félagið á í fjölpættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims. Ársreikningurinn fyrir árið 2025 nær til starfsemi félagsins á árinu. Í skýringu 24 er gerð grein fyrir samruna dótturfélaga við félagið og breytingu samanburðarfjárhæða.

2. Reikningsskilin

Þessi hluti ársreikningsins inniheldur upplýsingar um grundvöll reikningsskila félagsins. Ítarlegri upplýsingar um reikningsskilaaðferðir eru veittar undir hverjum lið í skýringunum.

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu, og viðbótarkröfur sem fram koma í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga. Reikningsskilareglum félagsins hefur verið beitt með samræmdum hætti milli ára.

Til að auka upplýsingagildi ársreikningsins eru skýringar við hann birtar á grundvelli þess hversu viðeigandi og mikilvægar þær eru fyrir lesandann. Það þýðir að upplýsingar sem metnar eru hvorki mikilvægar né viðeigandi fyrir notendur reikningsskilanna eru ekki birtar í skýringum.

b. Mat og ákvarðanir stjórnenda í reikningsskilum

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á. Upplýsingar um beitingu reikningsskilaaðferða þar sem mat stjórnenda hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir eigna og skulda í ársreikningi er að finna í skýringu 11 um mat á endurheimtanlegum fjárhæðum sjóðskapandi eininga sem innihalda viðskiptavild og skýringu 7 um mat á leigutíma og innbyggðum vöxtum leigusamninga.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur félagsins er gerður og birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

d. Ákvörðun gangvirðis

Hluti af reikningsskilaaðferðum og skýringum félagsins krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði vegna fjármálagerninga og annarra eigna og skulda.

Að svo miklu leyti sem hægt er, notar félagið markaðsupplýsingar við ákvörðun gangvirðis en liggi slíkar upplýsingar ekki fyrir er byggt á mati stjórnenda.

3. Birgðir

Birgðir eru færðar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða er byggt á „fyrst inn - fyrst út“ reglunni og tekur til kostnaðar sem stofnað hefur verið til við kaup birgðanna og við að koma þeim á núverandi stað og í núverandi ástand. Hreint söluverði er áætlað söluverði í venjulegum viðskiptum að frádrögnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

Skýringar, frh.:

4. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttur er hluti félagsins sem sinnir atvinnustarfsemi sem getur aflað tekna og haft í för með sér gjöld, þar með talið tekjur og gjöld vegna viðskipta við aðra starfsþætti innan félagsins. Starfsþættir eru skilgreindir af stjórnendum sem reglulega fara yfir starfsemina til að taka ákvarðanir um úthlutun eigna og til að fylgjast með rekstrarárangri.

Félagið skiptir starfsemi sinni í tvo aðgreinda starfsþætti: fjarskipti og fjölmiðlun. Starfsemi félagsins fer alfarið fram á Íslandi.

Fjarskipti

Starfsemi á sviði fjarskipta felur í sér alla helstu fjarskiptaþjónustu, þar á meðal farsíma-, fastlínu- og internetþjónustu, sölu á hlutaneti (IoT), vörusölu til einstaklinga og fyrirtækja, auk hýsingar- og rekstrarlausna. Þjónustan nær til bæði heimila og fyrirtækja og spannar alla virðiskeðju fjarskipta, frá rekstri innviða til dreifingar og stuðningsþjónustu. Vörusala og hýsingar- og rekstrarlausnir eru innifaldar í þessum starfsþætti, en vegna smæðar og eðlis eru þær ekki aðskildir starfsþættir.

Fjölmiðlun

Starfsemi á sviði fjölmiðlunar nær til auglýsingasölu, reksturs vefmiðla, útvarps og sjónvarps, auk nýmiðlunar undir vörumerkinu Já.is. Hún felur í sér framleiðslu og miðlun efnis, dreifingu á stafrænum og hefðbundnum miðlum og þjónustu við auglýsendur og markaðsaðila. Starfsemi nýmiðlunar í Já.is er hluti af fjölmiðlunarstarfseminni, en vegna smæðar og eðlis hennar er hún ekki aðskilinn starfsþáttur.

Starfsþættir 2025 greinast þannig*:

	Fjölmiðlun	Fjarskipti	Stoðsvið og jöfnun	Samtals
Seldar vörur og þjónusta samstals	9.568	13.499	(1.087)	21.981
Heildarrekstrargjöld starfsþátta	(7.172)	(11.239)	1.137	(17.274)
EBITDA starfsþátta	2.396	2.260	51	4.706
Leigukostnaður	(286)	(964)	0	(1.250)
EBITDAaL	2.110	1.296	51	3.456
Afskriftir starfsþátta	(2.858)	(1.537)	(0)	(4.395)
Rekstrarafkoma starfsþátta	(462)	723	51	312
Hrein fjármagnsgjöld				(1.215)
Áhrif hlutdeildarféлага				7
Tekjuskattur				262
Tap tímabilsins				(634)

* Félagið birtir í fyrsta sinn upplýsingar um starfsþætti fyrir árið 2025. Ekki liggja fyrir samanburðarfjárhæðir fyrir fyrri ár.

Skýringar, frh.:

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig	2025	2024
Laun	5.311	5473*
Lífeyrisgjöld	698	732
Kostnaður vegna kaupréttasamninga	36	3
Önnur launatengd gjöld	473	488*
Eignfærð laun	(319)	(453)
Laun og launatengd gjöld samtals	6.200	6.244
Stöðugildi að meðaltali á árinu	406	451
Stöðugildi í árslok	393	422

*Til samanburðar hefur framsetningu á launaliðnum verið breytt frá fyrra ári. Eignfærð laun, sem áður voru sýnd sem frádráttur í sundurliðun kostnaðarverðs seldra vara og rekstrarkostnaðar, eru nú sýnd beint í launaskýringunni til að gefa skýrari heildarmynd af launakostnaði félagsins. Jafnframt hafa ákveðnir liðir sem áður féllu undir „Laun“ verið endurflokkaðir í „Önnur launatengd gjöld“ til samræmis við eðli kostnaðarins. Breytingarnar hafa engin áhrif á heildarrekstrarkostnað eða afkomu félagsins.

Í árslok 2025 voru 69% af stjórnendum félagsins karlar og 31% konur (2024: 63% / 37%).

Félagið greiðir iðgjöld vegna starfsmanna sinna til lífeyrissjóða. Félagið ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöld eru gjaldfærð í rekstrarreikningi á sama tíma og vinnuframlag starfsmanns fellur til.

6. Hrein fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af handbæru fé og kröfum félagsins. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til. Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum og leiguskuldbindingum og þjónustugjöldum. Vaxtagjöld vegna lána eru færð miðað við aðferð virkra vaxta. Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2025	2024
Vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	30	36
Aðrar vaxtatekjur	6	8
Söluhagnaður hlutabréfa og gangvirðisbreyting hlutabréfa	0	11
Fjármunatekjur samtals	36	54
Vaxtagjöld og önnur þjónustugjöld	(662)	(739)
Vaxtagjöld leiguskuldar	(610)	(615)
Hrein fjármagnsgjöld samtals	(1.236)	(1.300)

Skýringar, frh.:

7. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupun og við að koma eigninni í notkun. Aðkeyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur hluti til að starfrækja búnað er færður til eignar sem hluti af þeim búnaði.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann. Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal tekna eða rekstrarkostnaðar.

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fjarskipta- og ljósvaka búnaður	Áhöld, tæki, bifreiðar og innréttingar	Samtals
Kostnaðarverð			
Kostnaðarverð 1.1.2024	10.305	2.304	12.611
Viðbætur á árinu	619	158	777
Selt og niðurlagt á árinu		(45)	(45)
Kostnaðarverð 31.12.2024	10.924	2.418	13.343
Viðbætur á árinu	365	35	399
Selt og niðurlagt á árinu	(2.644)	0	(2.644)
Kostnaðarverð 31.12.2025	8.644	2.453	11.099
Afskriftir og virðisrýrnun			
Afskriftir 1.1.2024	7.755	1.565	9.320
Afskrift ársins	551	194	745
Selt og niðurlagt á árinu	-	(22)	(22)
Afskrifað alls 31.12.2024	8.306	1.737	10.043
Afskrift ársins	458	188	646
Selt og niðurlagt á árinu	(1.202)	0	(1.202)
Afskrifað alls 31.12.2025	7.562	1.926	9.487
Bókfært verð			
31.12.2024	2.618	681	3.298
31.12.2025	1.082	528	1.609
Afskriftahlutföll	5-33%	15-33%	

Skýringar, frh.:

8. Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar og færðar í rekstrarreikning línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Afskriftartími hefst þegar eignirnar eru tilbúnar til notkunar.

Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	33 ár
Fjarskiptabúnaður	3 til 20 ár
Ljósvakabúnaður	4 til 7 ár
Áhöld, tæki, bifreiðar og innréttingar	3 til 7 ár

Á hverjum uppgjörsdegi er lagt mat á hvort eignir félagsins sem ekki teljast til fjáreigna, kunni að hafa orðið fyrir virðisrýrnun. Ef vísbendingar eru til staðar um að virðisrýrnun hafi átt sér stað, er lagt mat á endurheimtanlega fjárhæð viðkomandi eigna.

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar, eða fjárskapandi einingar sem hún tilheyrir, er hærra en endurheimtanleg fjárhæð. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi flokkur eigna sem skapar sjóðstreymi sem að mestu er óháð öðrum eignum og eignaflokkum. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning. Virðisrýrnun fjárskapandi einingar er fyrst færð til lækkunar á bókfærðu verði viðskiptavildar sem til staðar er innan viðkomandi einingar. Virðisrýrnun umfram viðskiptavild er svo hlutfölluð með hliðsjón af bókfærðu verði einstakra eigna hinnar fjárskapandi einingar og færð til lækkunar á þeim.

Afskriftir óefnislegra eigna, annarra en viðskiptavildar, eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Afskriftartími hefst þegar eignirnar eru tilbúnar til notkunar.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar eða fjárskapandi einingar er nýtingarvirði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er fundið með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðstreymi. Við útreikninginn er miðað við afvöxtunarhlutfall fyrir skatta sem endurspeglar núgildandi mat markaðar á tímavirði peninga og þeirri sérstöku áhættu sem eignin felur í sér.

Á hverjum uppgjörsdegi er lagt mat á hvort vísbendingar séu til staðar um að virðisrýrnun, sem færð hefur verið vegna annarra eigna en viðskiptavildar, eigi ekki lengur við. Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur orðið á því mati sem lá til grundvallar við ákvörðun endurheimtanlegrar fjárhæðar. Virðisrýrnun er aðeins bakfærð að því marki að bókfært verð eignar verði ekki hærra en það hefði verið á þeim degi sem bakfærsla er gerð ef engin virðisrýrnun hefði átt sér stað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hugbúnaður	3-10 ár
Vörumerki og viðskiptasambönd	10 til 33 ár

Afskriftir og virðisrýrnun í rekstrarreikningi greinast þannig:	2025	2024
Afskriftir rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 7	646	687
Afskriftir óefnislegra eigna, sbr. skýringu 10	893	882
Virðisrýrnun viðskiptavildar, sbr. skýringu 10	0	1.161
Afskriftir leigueigna, sbr. Skýringu 11	672	759
Afskriftir sýningarétta, sbr. skýringu 13	2.186	1.789
Fært í rekstrarreikning sem afskriftir	4.395	5.278

9. Fasteignamat og váttryggingarverðmæti

Fasteignamat tækja- og fjarskiptahúsa nam 7 millj. kr. í árslok 2025 (2024: 7 millj. kr.) og brunabótamat 10 millj. kr. (2024: 8 millj. kr.). Váttryggingarverðmæti annarra eigna nam 5.905 millj. kr. í árslok (2024: 5.741 millj. kr.).

Skýringar, frh.:

10. Óefnislegar eignir

Viðskiptavild sem myndast við sameiningu er færð til eignar þann dag sem félagið nær yfirláðum í keyptu félagi eða rekstri. Viðskiptavild er mismunur á kaupverði og hlutdeildar í hreinni eign hins keypta eftir að eignir og skuldir hafa verið metnar til gangvirkis á kaupdegi.

Viðskiptavild er ekki afskrifuð heldur metin árlega með tilliti til virðisrýrnunar eða oftast ef visbending um virðisrýrnun sé til staðar. Ef bókfært verð sjóðskapandi einingar er hærra en endurheimtanlegt virði hefur virðisrýrnun átt sér stað. Hafi virðisrýrnun átt sér stað er viðskiptavild fyrst færð niður og síðar aðrar eignir sem tilheyra viðkomandi sjóðskapandi einingu. Óheimilt er að bakfæra áður færða virðisrýrnun viðskiptavildar á síðari tímabilum.

Aðrar óefnislegar eignir sem félagið hefur keypt og hafa takmarkaðan nýtingartíma eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun þar sem við á.

Kostnaður sem fellur til síðar er einungis eignfærður ef hann eykur efnahagslegan framtíðarávinning sem felst í eign sem kostnaðurinn tilheyrir. Annar kostnaður, þar á meðal vegna viðskiptavildar og vörumerkja, sem myndast hefur innan félagsins er færður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað.

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Vörumerki			
	Viðskipta - vild	og viðskipta - sambönd	Hug- búnaður	Samtals
Kostnaðarverð				
Kostnaðarverð 1.1.2024	14.388	3.427	6.788	24.602
Leiðrétt upphafsstaða	-	-	13	13
Breyting vegna kaupverðsútteilingar	(87)	131	-	44
Selt og niðurlagt á árinu	-	-	0	0
Viðbætur á árinu	-	10	1.005	1.015
Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla	(31)	-	-	(31)
Kostnaðarverð 31.12.2024	14.270	3.568	7.806	25.644
Selt og niðurlagt á árinu	-	-	(479)	(479)
Viðbætur á árinu	-	-	541	541
Kostnaðarverð 31.12.2025	14.270	3.568	7.868	25.706
Afskriftir og virðisrýrnun				
Afskriftir og virðisrýrnun 1.1.2024	5.291	1.218	4.021	10.530
Afskrift ársins	-	219	663	882
Virðisrýrnun	1.161	-	-	1.161
Afskrifað alls 31.12.2024	6.452	1.437	4.685	12.574
Selt og niðurlagt á árinu	-	-	(213)	(213)
Afskrift ársins	0	237	656	893
Afskrifað alls 31.12.2025	6.452	1.674	5.128	13.254
Bókfært verð				
31.12.2024	7.818	2.131	3.121	13.070
31.12.2025	7.818	1.894	2.740	12.452
Afskriftarhlutföll	-	3-11%	10-33%	

Skýringar, frh.:

10. Óefnislegar eignir, frh.:

Virðisrýrnunarpróf vegna sjóðskapandi einingar sem innihalda viðskiptavild

Viðskiptavild hefur verið úthlutað á sjóðskapandi einingar vegna framkvæmdar virðisrýrnunarprófs, eins og nánar er sýnt hér að neðan.

Bókfært verð viðskiptavildar greinist þannig:	2025	2024
Viðskiptavild vegna fjarskipta	5.710	5.710
Viðskiptavild vegna miðla	2.108	2.108
Viðskiptavild samtals	7.818	7.818

Endurheimtanleg fjárhæð sjóðskapandi eininga var metin út frá nýtingarvirði. Nýtingarvirði var ákvarðað með því að núvirða áætlað framtíðarfjárstreymi sem byggir á áframhaldandi rekstri eininganna. Fjárstreymisáætlanir byggja á rekstraráætlun næstu fimm ára. Samkvæmt uppfærðum framtíðaráætlunum félagsins stenst sjóðskapandi eining félagsins virðisrýrnunarpróf.

Stuðst var við eftirfarandi forsendur við mat á nýtingarvirði viðskiptavildar Sýn hf.:

	2025	2024
Nafnvöxtur tekna 2025 / 2024	0,9% (	0,5%)
Meðalvöxtur tekna 2026 til 2030 / 2025 til 2029	4,9%	6,3%
Framtíðarvöxtur	4,2%	4,5%
EBITDA meðalvöxtur 2026 til 2030 / 2025 til 2029	6,8%	10,5%
Ávöxtunarkrafa, WACC	12,0%	12,8%

Stjórnendur telja að raunhæfar breytingar á lykilforsendum myndu ekki leiða til þess að endurheimtanlegt virði viðskiptavildarinnar yrði lægra en bókfært verð hennar.

11. Leigusamningar

Félagið færir eignir og skuldir vegna leigusamninga um skrifstofuhúsnæði, lagerhúsnæði, bifreiðar, hýsingar og klasa.

Félagið færir leigueign og leiguskuld á upphafsdegi leigusamnings. Leigueign er upphaflega metin á kostnaðarverði og eftir það á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun og leiðrétt vegna endurmats á leiguskuldinni (verðlagsbreytingum).

Leiguskuldin er upphaflega metin miðað við núvirði leigugreiðslna sem eru ógreiddar á upphafsdegi leigusamningsins, þar sem leigugreiðslur eru núvirtar með innbyggðum vöxtum í leigusamningnum, eða ef það er ekki hægt að ákvarða þá vexti, með vöxtum félagsins á nýju lánsfé. Að jafnaði notar félagið sína vexti á nýju lánsfé við núvirðingu leigugreiðslna af húsnæði en fyrir aðra vísitölutengda leigusamninga notast félagið við vexti af nýju lánsfé að viðbætu álagi sem endurspeglar tímalengd samninga, undirliggjandi veð og ábyrgðir. Vegið meðaltal verðtryggðra vaxta er 5,11%.

Leigueignir greinast þannig:	Fasteignir	Bifreiðar	Hýsingar	Klasar	Samtals
Staða 1.1.2024	2.071	25	5.745	578	8.420
Verðbætur	103	2	305	-	410
Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla	-	-	0	(5)	(5)
Viðbætur vegna nýrra samninga	-	59	26	44	129
Afnotaréttur niðurlagður	0	(4)	-	(468)	(473)
Afskriftir	(267)	(27)	(388)	(77)	(759)
Staða 31.12.2024	1.908	55	5.688	72	7.723
Verðbætur	76	1	672	-	750
Viðbætur vegna nýrra samninga	-	-	68	-	68
Afskriftir	(268)	(28)	(334)	(42)	(672)
Staða 31.12.2025	1.716	29	6.095	30	7.869

Skýringar, frh.:

11. Leigusamningar, frh.:

Fjárhæðir færðar í rekstrarreikning greinast þannig:	2025	2024
Afskriftir af leigueignum	672	759
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingu	607	630
Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla	0	(5)
Vaxtatekjur af leigukröfu	(7)	(8)
Samtals fært í rekstrarreikning á árinu	1.273	1.376
Leiguskuldbindingar greinast þannig:	31.12. 2025	31.12. 2024
Innan árs	584	642
Eftir ár eða innan 5 ára	1.944	1.941
5 ár og síðar	9.879	9.674
Samtals	12.407	12.257

Heildarleigugreiðslur námu 1.250 millj. kr. (2024: 1.276 millj. kr.).

12. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir með hlutdeildaraðferð. Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem félagið hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Hlutdeildarfélög eru upphaflega færð á kostnaðarverði sem innifelur viðskiptakostnað. Eftir upphaflega skráningu er hlutdeild í afkomu og heildarafkomu hlutdeildarfélaga færð í ársreikninginn þar til verulegum áhrifum eða sameiginlegum yfirráðum lýkur. Á árinu lækkaði eignarhlutur Sýnar hf. í Sendafélaginu ehf. í 45% og er félagið fært sem hlutdeildarfélag í árslok.

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á gangvirði ef til eru áreiðanlegar upplýsingar um gangvirði, en annars á kostnaðarverði.

	2025	2024
Bókfært verð hlutdeildarfélaga 1.1.	56	56
Samrekstur flokkað sem hlutdeildarfélag	15	-
Keyptir eignarhlutir	818	-
Áhrif hlutdeildarfélaga	7	-
Mótttekinn arður	(7)	-
Bókfært verð hlutdeildarfélaga 31.12.	889	56
Eignarhlutir í öðrum félögum í ársbyrjun	29	118
Selt á árinu	-	(18)
Gangvirðisbreyting	-	(71)
Bókfært verð eignarhluta í félögum 31.12.	917	85

Skýringar, frh.:

13. Sýningarréttir

Sýningarréttir samanstanda af eigin framleiðslu og aðkeyptum sýningarréttum. Sýningarréttir eru færðir á kostnaðarverði að viðbættum beinum kostnaði við að koma þeim í nýtingarhæft form. Innlendir og erlendir sýningarréttir eru afskrifaðir miðað við metinn nýtingartíma þeirra. Nýtingartími er metinn út frá eðli réttindanna (línuleg og/eða SVOD) og samningstíma. Við það mat er horft á þann tíma sem rétturinn er talinn skila félaginu efnahagslegum ávinningi. Afskrift á sýningarréttum hefst þegar félagið hefur fengið efni afhent til sýninga. Sýningarréttir vegna íþróttafnis eru afskrifaðir þegar viðburðurinn er sýndur.

Sýningarréttir greinast þannig:	2025	2024
Bókfært verð 1.1.	2.427	2.008
Fjárfest í sýningarréttum	2.210	2.208
Afskrift ársins	(2.186)	(1.789)
Bókfært verð 31.12.	2.451	2.427

Í árslok 2025 nam skuldbinding vegna sýningarrétta utan efnahags 1.516 millj. kr. (2024: 1.585 millj. kr.). Sýn hefur gert langtímasamning um kaup á sýningarrétti fyrir Enska boltann. Vegna samkeppniseðlis iðnaðarins gæti birting nákvæmra fjárhagslegra skuldbindinga í tengslum við samninginn haft alvarleg áhrif á samningsstöðu fyrirtækisins í framtíðinni gagnvart rétthöfum og samkeppnisaðilum. Því birtir félagið ekki ítarleg fjárhagsleg skilyrði samningsins.

14. Þóknun til endurskoðunarfyrirtækja

	Endurskoðendur félagsins	
Veitt þjónusta skiptist með eftirfarandi hætti:	2025	2024
Endurskoðun og könnun	20	18
Endurskoðun, önnur þjónusta, leyfð skattaþjónusta og önnur staðfestingavinna	7	13
Þóknun til endurskoðendafyrirtækja samtals	27	31

15. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur af afkomu ársins skiptist í frestaðan tekjuskatt og skatt til greiðslu. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna fjárfestinga í dótturfélögum eða keyptum rekstri.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörssdegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki.

Virkur tekjuskattur greinist þannig	2025	2024
Tap fyrir tekjuskatt	(895)	(1.940)
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0% 179	21,0% 407
Áhrif hlutdeildarféлага	(0,2%) 1	(0,1%) 2
Skattaleg afskrift viðskiptavildar	0,0% 0	(5,3%) 104
Óráðráttarbær virðisryrnun	0,0% 0	12,6% (244)
Aðrir liðir	(9,0%) 81	0,4% (8)
Virkur tekjuskattur	10,8% 262	28,6% 261

Skýringar, frh.:

16. Tekjuskattseign

Frestaður tekjuskattur greinist þannig:	2025	2024
Staða 1.1	71	(152)
Tekjuskattur í rekstrarreikningi	262	261
Aflögð starfsemi	0	(31)
Tekjuskattur til greiðslu	0	37
Aðrir liðir	1	(43)
Staða 31.12	334	71

Frestaður tekjuskattur greinist þannig á einstaka liði:	2025	2024
Rekstrarfjármunir	(1.005)	(1.310)
Veltufjármunir	(133)	(130)
Leigueignir	(1.574)	(1.574)
Leiguskuldir	2.481	2.451
Aðrir liðir	(14)	(5)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	579	639
Frestaður tekjuskattur í árslok	334	71

17. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru upphaflega færðar á gangvirði á þeim degi sem félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins. Eftir upphaflega skráningu eru þessar fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun. Fjáreignirnar eru afskráðar ef samningsbundinn réttur félagsins að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörss dags.

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	2025	2024
Viðskiptakröfur	3.382	3.326
Viðskiptakrafa vegna sölu til Sendafélagsins	1.024	0
Aðrar skammtímakröfur	292	354
Leigukröfur	31	22
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(69)	(63)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	4.661	3.639

Á hverjum uppgjörssdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna. Eignirnar hafa orðið fyrir virðisrýrnun ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem hafa orðið benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar sé lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun er mismunurinn á bókfærðu verði annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti, hins vegar. Metin virðisrýrnun er færð sem hluti af niðurfærslu viðskiptakrafna og gjaldfærð í rekstrarreikning. Virðisrýrnun er aðeins bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna á hlutlægan hátt við atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýrnun er færð.

Breyting á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:	2025	2024
Staða niðurfærslu viðskiptakrafna 1.1.	(63)	(53)
Breyting á niðurfærslu vegna krafna sem kunna að tapast	(32)	(38)
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu	26	29
Staða niðurfærslu viðskiptakrafna 31.12.	(69)	(63)

Skýringar, frh.:

18. Eigið fé

Hlutfé

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 2.476 millj. kr. (2024: 2.476 millj. kr.). Hver hlutur er 10 krónur að nafnverði. Eigendur hluta í félaginu eiga rétt til arðs í hlutfalli við eign sína við arðsúthlutun. Samkvæmt samþykktum eru engar hömlur lagðar á sölu eða framsal hlutabréfa í félaginu.

Yfirverðsreikningur hlutafjár

Yfirverðsreikningur hlutafjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutafjár sem félagið hefur selt að fráðregnu yfirverði af keyptum hlutum. Samkvæmt lögum um hlutafélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutafjár í varasjóði sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð. Lögbundinn varasjóður er færður sem hluti af yfirverðsreikningi.

Þýðingarmunur

Þýðingarmunur sem verður til við umreikning reikningsskila erlends hlutdeildarfélags og dótturfélags með erlendan starfsrækslugjaldmiðil í íslenskar krónur er færður á sérstakan lið meðal eigin fjár. Ef erlend starfsemi er seld eða lögð niður, að hluta eða öllu leyti, er eiginfjárliðurinn leystur upp og færður í rekstrarreikning.

Bundinn reikningur

Samkvæmt 41. gr. ársreikningalaga ber félögum að færa hlutdeild í rekstri dóttur- og hlutdeildarfélaga umfram það sem nemur mótteknum arði eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta á bundinn reikning á meðal eigin fjár.

Hlutabréfakaupréttir

Á aðalfundi Sýnar 11. apríl 2024 voru samþykktar tvær kaupréttaráætlanir, annars vegar fyrir allt fastráðið starfsfólk félagsins og hins vegar fyrir lykilstjórnendur. Stjórn tók ákvörðun um veitingu kaupréttar samkvæmt tilgreindum kaupréttaráætlunum á fundum 15. og 25. nóvember 2024. Nýtingarverð kaupréttar er í upphafi sett jafnt vegnu meðalverði síðustu tíu viðskiptadaga fyrir samningsdag. Greiði félagið arð áður en kaupréttur er nýttur, að hluta eða öllu leyti, skal útistandandi kaupréttargengi lækka sem nemur arðgreiðslu.

Nýting kaupréttar veltur á því að starfsmaðurinn vinni hjá félaginu í tiltekinn tíma (ávinnslutímabilið) en falli niður ef starfsmaður hættir áður en rétturinn hefur áunnist. Stjórnendum sem fengið hafa kaupréttasamninga í kaupréttakerfi lykilstjórnenda, er skylt að eiga hluti eftir nýtingu kaupréttar sem samsvara hreinum hagnaði (eftir skatta) þar til eftirfarandi eignarhaldsskilyrði hafa verið uppfyllt. Fyrir forstjóra félagsins miðast heildarverð hluta við níföld mánaðarlaun, en fyrir aðra stjórnendur við þreföld mánaðarlaun.

Hreyfing á kaupréttum greinist þannig:	Nafnverðshlutir
Kaupréttir veittir 2024	15.280.645
Féllu niður 2025	(2.669.845)
Útistandandi hlutir 31. desember 2025	12.610.800

Gangvirði hlutabréfakaupréttar sem veittir eru starfsmönnum er metið með Black-Scholes reikniformúlunni, þar sem horft er til hlutabréfaverðs á útgáfudegi, áhættulaustra vaxta (7,4% til 8,6%), flöks á hlutabréfaverði Sýnar (23,4% til 23,6%), líftíma og nýtingarvirði kaupréttanna, væntra arðgreiðslna, áætlaðs brotfalls og skilyrða í kaupréttarsamningunum er varðar seljanleika. Heildarkostnaður við kaupréttina er áætlaður 55,3 millj. kr. á ávinnslutíma þeirra en þar af er 36 millj. kr. (2024: 3 millj.kr.) gjaldfærð sem launakostnaður sbr. skýr. 5.

Miðað við nýtingu útistandandi kaupréttar þá myndu þeir samsvara 6,2% af útgefnu hlutfé í árslok 2025. Nýtingarrétturinn greinist þannig næstu ár:

Kaupréttir veittir á árinu 2024	Nafnverðshlutir	Nýtingarverð í árslok
100% nýtanlegir frá nóvember 2025	5.651.455	31,11
100% nýtanlegir frá nóvember 2026	5.651.455	31,68
100% nýtanlegir frá nóvember 2027	1.307.890	37,84
Útistandandi hlutir 31. desember 2025	12.610.800	

Arður

Stjórn leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa vegna rekstrarársins 2025.

Skýringar, frh.:

19. Tap á hlut

Tap á hlut er hlutfall af tapi sem tilheyrir hluthöfum í félaginu og vegins meðalfjölda virkra hluta á árinu. Þýnntur hagnaður á hlut miðar við tap sem ráðstafað er til hluthafa í félaginu og vegins meðalfjölda virkra hluta að teknu tilliti til þýnningaráhrifa væntra útgefinna hluta vegna kaupréttar starfsmanna.

Hagnaður á hlut greinist þannig:	2025	2024
Tap ársins	(634)	(1.518)
Hlutir í ársbyrjun	248	252
Vegið meðaltal útistandandi hluta á árinu	248	248
Tap á hlut og þýnnt tap á hlut	(2,6)	(6,1)
Tap og þýnnt tap á hverja krónu hlutafjár	(0,26)	(0,61)

20. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir eru færðar á þeim degi þegar félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins. Vaxtaberandi skuldir eru upprunalega færðar á gangvirði að viðbættum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru þessar fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Félagið afskráir fjárskuld þegar samningsbundnum skyldum vegna skuldagerningsins er lokið, þær felldar niður eða falla úr gildi.

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:	2025	2024
Skuldir við lánastofnanir	6.797	6.381
Næsta árs afborganir	(3.006)	(2.255)
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals	3.791	4.126
Hreyfingar vaxtaberandi skulda	2025	2024
Staða 1.1.	6.381	6.240
Afborganir	(338)	(338)
Breytingar á rekstrarlánalínu	751	475
Staða 31.12.	6.797	6.381

Skýringar, frh.:

20. Vaxtaberandi skuldir, frh.:

Vaxtaberandi skuldir í árslok eru óverðtryggðar í íslenskum krónum og vegið meðaltal vaxta er 9,50% (2024 10,93%)

Afborganir af vaxtaberandi skuldum greinast þannig á næstu ár:	2025	2024
Afborganir 2025	-	2.255
Afborganir 2026	3.006	337
Afborganir 2027	337	337
Afborganir 2028	337	337
Afborganir 2029	3.117	3.115
Samtals	6.797	6.381

Í lánasamningum félagsins eru til staðar kvaðir sem félagið þarf að uppfylla. Kvaðirnar snúa bæði að ákveðnum hömlum á aðgerðir félagsins án fyrirfram samþykkis lánveitanda sem og fjármálahlutföllum sem félagið þarf að uppfylla. Í árslok uppfyllti félagið allar kvaðir lánasamninga sem og þá lánaskilmála sem snúa að fjármálahlutföllum í rekstri þess.

Í febrúar 2026 lauk endurfjármögnun lána félagsins sem voru á gjaldaga á árinu 2026. Lánunum var öllum framlengt um eitt ár.

Veðsetningar

Á eignum félagsins hvílir tryggingarbréf að fjárhæð 8.134 millj kr. (2024: 7.806 millj kr.) til tryggingar öllum skuldum og skuldbindingum félagsins við Landsbankann í árslok 2025. Tryggingin nær til alls lausafjár, þ.m.t. veð í rekstrarfjármunum, óefnislegum eignum, leigueignum, birgðum, viðskiptakröfum og vörumerkjum.

21. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á þeim degi þegar félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins. Slíkar skuldir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru þessar fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörsdags.

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2025	2024
Viðskiptaskuldir	1.903	2.129
Ógreiddur virðisaukaskattur	277	234
Fyrirfram innheimtar tekjur	642	471
Ógreiddur áfallinn kostnaður og aðrar skammtímaskuldir	785	926
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	3.608	3.760

Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur eru vegna fyrirframgreiddra áskrifta og annarra fyrirframgreiðslna frá viðskiptavinum. Þær eru að mestu leyti innleystar mánuði seinna.

Skýringar, frh.:

22. Samanburðarfjárhæðir

Dótturfélögin Endor ehf., Já hf. og Njála ehf. voru sameinuð félaginu í ársbyrjun 2025. Eftir samrunann á félagið ekki dótturfélög og því er ekki gerður samstæðureikningur fyrir árið 2025.

Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar fjalla ekki um sameiningar félaga undir sameiginlegum yfirráðum eins og á við um samruna dótturfélaganna við Sýn. Þar sem félagið átti dótturfélögin að fullu fyrir samrunann var reikningshaldslegur samruni gerður í samræmi við samlegðaraðferðina, sem felur í sér að eignir og skuldir dótturfélaganna eru færðar í efnahagsreikning Sýnar á bókfærðu verði.

Samlegðaraðferðin felur einnig í sér að heimilt er að breyta samanburðarfjárhæðum með því að leggja saman sambærilegar fjárhæðir í ársreikningum fyrri ára. Vegna þessa er samanburðarfjárhæðum í rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu, efnahagsreikningi, sjóðstreymisyfirliti og skýringum sem þeim tengjast breytt þannig að í stað fjárhæða sem birtar voru í ársreikningi félagsins fyrir árið 2024 eru birtar samanlagðar fjárhæðir úr reikningsskilum félaganna sem sameinuð voru í ársbyrjun 2025, eftir að frá hafa verið dregin viðskipti milli þeirra. Þessar fjárhæðir eru þær sömu og birtar voru í samstæðuársreikningi Sýnar hf. fyrir árið 2024.

Stjórnendur félagsins telja þessa framsetningu samanburðarfjárhæða vera gagnlegri fyrir lesendur ársreikningsins en að birta fjárhæðir úr ársreikningi móðurfélagsins fyrir árið 2024 óbreyttar, þar sem starfsemi félaganna fjögurra er nú öll sameinuð í Sýn hf. og starfsemi félagsins sambærileg starfsemi samstæðunnar á árinu 2024. Með þessu er lesendum ársreikningsins gert kleift að bera saman umsvif og fjárhagsstöðu félagsins fyrir árin 2025 og 2024 á sama grunni, sem gefur skýrari og samanburðarhæfari mynd af umsvifum félagsins.

Í töflunum sem fara hér á eftir er sýnt hver áhrifin af samrunanum eru á rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning og sjóðstreymisyfirlit. Samruninn hefur

Rekstrarreikningur	Ársreikningur 2024	Áhrif samruna	Samanburðar fjárhæðir 2024 í ársreikningi 2025
Rekstrartekjur			
Seldar vörur og þjónusta	20.715	932	21.647
Rekstrarkostnaður			
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	8.432	270	8.702
Laun og launatengd gjöld	5.680	564	6.244
Annar rekstrarkostnaður	2.241	(168)	2.073
	16.353	666	17.019
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir, EBITDA	4.362	265	4.627
Afskriftir og virðisrýrnun	(5.134)	(144)	(5.278)
(Rekstrartap) hagnaður	(772)	122	(650)
Fjármunatekjur	46	8	54
Fjármagnsgjöld	(1.347)	(7)	(1.354)
Gengismunur	4	6	10
Hrein fjármagnsgjöld	(1.297)	7	(1.290)
Áhrif hlutdeildarféлага	265	(265)	0
Tap fyrir tekjuskatt	(1.804)	(136)	(1.940)
Tekjuskattur	285	-24	261
Tap ársins af áframhaldandi starfsemi	(1.518)	(161)	(1.679)
Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta	0	161	161
Tap ársins	(1.518)	0	(1.518)
Önnur heildarafkoma			
Rekstrarliðir færðir á eigið fé sem síðar kunna að vera endurflokkaðir í rekstur			
Þýðingarmunur	(44)	0	(44)
Heildarafkoma ársins	(1.562)	0	(1.562)

Skýringar, frh.:

22. Samanburðarfjárhæðir, frh:

Efnahagsreikningur	Ársreikningur 2024	Áhrif samruna	Samanburðar fjárhæðir 2024 í ársreikningi 2025
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir	3.174	124	3.298
Viðskiptavild	7.033	785	7.818
Aðrar óefnislegar eignir	4.983	269	5.252
Leigueignir	7.651	72	7.723
Eignahlutir í félögum	1.723	(1.638)	85
Langtímaleigukröfur	127	0	127
Tekjuskattseign	121	(51)	71
Fastafjármunir samtals	24.813	(439)	24.374
Veltufjármunir			
Sýningarréttir	2.427	0	2.427
Birgðir	347	(0)	347
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	3.338	254	3.639
Handbært fé	177	87	264
Veltufjármunir samtals	6.288	341	6.676
Eignir samtals	31.101	(97)	31.050
Eigið fé			
Hlutfé	2.476	0	2.476
Yfirverðsreikningur hlutafjár	542	0	542
Annað bundið eigið fé	498	0	498
Óráðstafað eigið fé	5.136	0	5.136
Eigið fé	8.652	0	8.652
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir	4.126	0	4.126
Leiguskuldbindingar	11.583	31	11.615
Langtímaskuldir samtals	15.709	31	15.741
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir	2.255	0	2.255
Leiguskuldbindingar	600	43	642
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	3.886	(201)	3.760
Skammtímaskuldir samtals	6.741	(158)	6.657
Skuldir samtals	22.449	(127)	22.398
Eigið fé og skuldir samtals	31.102	(127)	31.050

Skýringar, frh.:

22. Samanburðarfjárhæðir, frh:

Sjóðstreymisyfirlit	Ársreikningur 2024	Áhrif samruna	Samanburðar fjárhæðir 2024 í ársreikningi 2025
Tap ársins samkvæmt rekstrarreikningi	(1.518)	0	(1.518)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	3.973	144	4.117
Virðisrýrnun	1.161	0	1.161
Hrein fjármagnsgjöld	1.297	(3)	1.293
Tekjuskattseign, breyting	(265)	(0)	(266)
Áhrif af aflagðri starfsemi	(255)	71	(183)
Veltufé frá rekstri	4.393	212	4.605
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, lækkun	272	10	282
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, lækkun	1.907	241	2.149
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, lækkun	(1.201)	(349)	(1.550)
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt	5.371	114	5.485
Innborgaðar vaxtatekjur	37	8	44
Greidd vaxtagjöld	(1.356)	(1)	(1.356)
Handbært fé frá rekstri	4.052	121	4.173
Fjárfestingahreyfingar			
Sala dótturfélaga, að frádregnu seldu handbæru fé	0	(64)	(64)
Sala eignarhluta í öðrum félögum	100	0	100
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(713)	(1)	(714)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(1.015)	0	(1.015)
Fjárfesting í sýningarrétti	(2.208)	0	(2.208)
Fjárfestingahreyfingar samtals	(3.836)	(65)	(3.901)
Fjármögnunarhreyfingar			
Keyptir eigin hlutir	(76)	0	(76)
Afborganir vaxtaberandi skulda	(338)	0	(338)
Rekstrarlán, breyting	475	0	475
Afborgun leiguskuldbindinga	(591)	(99)	(690)
Fjármögnunarhreyfingar samtals	(529)	(99)	(628)
Breyting á handbæru fé	(313)	(42)	(356)
Handbært fé í byrjun ársins	490	134	624
Gengisbreyting á handbæru fé	0	(5)	(5)
Handbært fé í lok ársins	177	87	264

Skýringar, frh.:

23. Áhættustýring

a. Yfirlit

Eftirfarandi áhætta fylgir fjármálagerningum félagsins:

Lánsáhætta
Lausafjárahætta
Markaðsáhætta

Hér á eftir eru veittar upplýsingar um framangreinda áhættu og markmið, stefnu og aðferðir félagsins við að meta og draga úr áhættunni. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víða í ársreikningnum.

Markmið félagsins með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem það býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna félagsins og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á áhættu tengdri markaði og starfsemi félagsins.

b. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða annar mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta er einkum vegna viðskiptakrafna og ræðst af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Stjórnendur hafa innleitt stefnu vegna innheimtu og mánaðarlega er fylgst með áhættu vegna hennar. Mat á innheimtu er unnið reglulega og nauðsynlegar niðurfærslur gerðar.

Félagið hefur sett reglur þar sem greiðsluhæfi nýrra viðskiptavina er kannað áður en þeim er veittur gjaldfrestur. Innheimtuferli hefur verið skilgreint fyrir alla flokka viðskiptakrafna.

Aldursgreining viðskiptakrafna er yfirfarin mánaðarlega og mynduð niðurfærsla vegna áætlaðrar virðisrýrnunar þeirra. Niðurfærslan er reiknuð hlutfallslega miðað við aldur viðskiptakrafna, innheimtusögu og framtíðarhorfur í efnahagsumhverfi viðskiptamanna. Lagt er mat á áhættukröfur og ef ástæða þykir til, er færð sérstök niðurfærsla.

Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu

Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra sem var eftirfarandi í árslok:

	Skýr.	2025	2024
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	17	3.637	3.639
Viðskiptakrafa vegna sölu Sendafélagsins	17	1.024	0
Handbært fé		107	264
Samtals		4.768	3.903

Í árslok námu viðskiptakröfur á fimm stærstu viðskiptamenn félagsins 400 millj. kr. (2024: 347 millj. kr.).

Virðisrýrnun viðskiptakrafna

Aldur viðskiptakrafna var eftirfarandi í árslok:	Nafnverð kröfu		Niðurfærsla	
	2025	2024	2025	2024
Ógjaldfallið	4.564	3.498	(41)	(36)
Gjaldfallið innan 90 daga	42	30	(11)	(9)
Gjaldfallið fyrir meira en 90 dögum	124	173	(17)	(18)
Heildarstaða viðskiptakrafna í árslok	4.730	3.701	(69)	(63)

Skýringar, frh.:

23. Áhættustýring frh.:

c. Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor félagsins.

Félagið hefur sett sér fjárstýringarstefnu þar sem skilgreind er stefna varðandi lausafjárstýringu. Stefnan er til grundvallar meðhöndlunar á handbæru fé og ráðstöfun þess og segir til um hvernig skuli lágmarka áhættu og tryggja handbært fé til að standa skil á skuldbindingum félagsins. Sjóðstreymisáætlanir eru gerðar mánaðarlega og spáð fyrir um lausafjárbörf. Félagið hefur aðgang að 2.500 millj. kr. lánalínu og var hún að fullu nýtt við árslok. Þá hafði félagið jafnframt nýtt 167 millj. kr. af 500 millj. kr. yfirdráttarheimild við árslok.

Samningsbundnar afborganir af fjárskuldum, að meðtöldum áætluðum vaxtagreiðslum, greinast þannig (fjárhæðirnar eru ekki núvirtar):

	Bókfært verð	Umsamið sjóðstreymi	Innan árs	1 til 2 ár	2 til 5 ár	Meira en 5 ár
31. desember 2025						
Fjárskuldir:						
Vaxtaberandi skuldir	6.797	8.681	3.458	1.146	1.521	2.556
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	2.966	2.966	2.966	-	-	-
Leiguskuldbindingar	12.407	24.128	1.182	1.182	3.044	18.719
Samtals	22.171	35.776	7.608	2.328	4.565	21.275
31. desember 2024						
Fjárskuldir:						
Vaxtaberandi skuldir	6.381	8.592	2.608	1.256	1.643	3.085
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	3.289	3.289	3.289	-	-	-
Leiguskuldbindingar	12.257	23.813	1.218	1.218	2.963	18.414
Samtals	21.928	35.694	7.116	2.474	4.606	21.499

d. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vaxta og gengi hlutabréfa hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhattu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Skýringar, frh.:

23. Áhættustýring frh.:

e. Gjaldmiðlagengisáhætta

Framsetningargjaldmiðill félagsins er íslenskar krónur, en hluti tekna og innkaupa er í öðrum gjaldmiðlum. Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhattu eru evrur (EUR), dollar (USD), sterlingspund (GBP) og SDR (uppgjörsgjaldmiðill vegna reiki tekna). Fjármálasvið er ábyrgt fyrir að fylgjast með gengisþróun helstu gjaldmiðla með tilliti til áhrifa fjáreigna og fjárskulda í erlendum gjaldmiðli á reikningsskilin.

Áhætta félagsins vegna erlendra gjaldmiðla var sem hér segir í nafnverðsfjárhæðum í millj. kr.

31. desember 2025	EUR	USD	GBP	SDR
Viðskiptakröfur	168	5	3	230
Handbært fé	8	5	0	0
Viðskiptaskuldir	(440)	(126)	(12)	(130)
Áhætta í efnahagsreikningi	(265)	(116)	(9)	100

31. desember 2024	EUR	USD	GBP	SDR
Viðskiptakröfur	113	3	2	156
Handbært fé	30	45	0	0
Viðskiptaskuldir	(490)	(246)	(5)	(26)
Áhætta í efnahagsreikningi	(347)	(198)	(3)	130

Gengi helstu gjaldmiðla á árinu var sem hér segir:

	Meðalgengi		Árslokagengi	
	2025	2024	2025	2024
EUR	144,65	149,31	147,20	143,90
USD	128,37	137,93	125,20	138,20
GBP	168,90	176,40	168,96	173,30
SDR	173,11	183,16	171,54	180,37

Næmigreining

10% styrking íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum í árslok myndi hækka eigið fé og afkomu félagsins um 29 millj. kr. fyrir tekjuskatt, (2024: hækkan 42 millj. kr.). Greiningin byggir á að allar aðrar breytur, þ.m.t. vextir, haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2024.

10% veiking íslenskrar krónu gagnvart framangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist óbreyttar.

f. Vaxtaáhætta

Lántökur félagsins eru allar með breytilegum vöxtum.

Vaxtaberandi fjárskuldir félagsins greinast með eftirfarandi hætti í lok ársins:	2025	2024
Fjárskuldir með breytilega vexti	6.797	6.381

Hækkan á vöxtum um 100 punkta hefði lækkað afkomu og eigið fé um 68 millj. kr. fyrir tekjuskatt (2024: 64 millj. kr.), lækkan á vöxtum um 100 punkta hefði haft áhrif í gagnstæða átt. Félagið er hvorki með fjáreignir né fjárskuldir á föstum vöxtum.

g. Gangvirði

Það er mat stjórnenda að mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda sé óverulegur.

24. Eiginfjárstýring

Það er markmið félagsins að eiginfjárstaða félagsins sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar. Miðað er við að eiginfjárlutfallið sé um 30%. Eiginfjárlutfall í lok árs 2025 nam 26,1% (2024: 27,9%).

Skýringar, frh.:

25. Tengdir aðilar

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félaginu eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila eru: Lykilstjórnendur og félög þar sem lykilstjórnendur fara með yfirráð í eða hafa veruleg áhrif á. Hluthafar sem fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar.

Laun og eignarhald stjórnar og lykilstjórnenda

Laun stjórnenda skiptast á eftirfarandi hátt í föst og breytileg starfskjör, án launatengdra gjalda.	2025 Föst kjör	2025 Breytileg kjör	2024 Föst kjör	2024 Breytileg kjör	Fjöldi virkra hluta árslok 2025
Stjórn:					
Hákon Stefánsson, stjórnarform.	9,0	-	7,7	-	61.147.128
Petrea Ingileif Guðmundsdóttir, stjórnarm.	5,9	-	3,2	-	0
Heiðrún Lind Marteinsdóttir, stjórnarm.	2,8	-	-	-	2.000.000
Páll Óskar Gíslason, stjórnarm.	4,5	-	4,5	-	0
Ragnar Dyer, stjórnarm.	4,5	-	3,2	-	58.147.128
Rannveig Eir Einarsdóttir, fv. stjórnarm.	1,4	-	5,6	-	20.650.000
Salóme Guðmundsdóttir, fv. stjórnarm.	-	-	1,5	-	0
Jón Skaftason, fv. stjórnarform	-	-	2,3	-	0
Lykilstjórnendur:					
Herdís Dröfn Fjeldsted, forstjóri	48,0	-	46,8	-	715.000
Yngvi Halldórsson, fv. forstjóri	-	-	43,8	-	0
Framkvæmdastjórnar, samtals 8	215,0	-	199,0	-	147.907

Forstjóra og framkvæmdastjórn var veittur kaupréttur á árinu 2024 að 5.535.000 hlutum í félaginu, eða sem samsvarar um 2,24% af útgefnu hlutafé félagsins. Forstjóra var veittur kaupréttur að 2.000.000 hlutum og framkvæmdastjórn veittur kaupréttur að 3.535.000 hlutum eða 505.000 hlutum hver.

Með eignarhlutum eru taldir eignarhlutir í eigu félaga sem stjórnendurnir ráða.

Önnur viðskipti við stjórn og lykilstjórnendur eru óveruleg. Skilmálar og skilyrði viðskipta við stjórn og lykilstjórnendur eru sambærileg við það sem gerist í viðskiptum við ótengda aðila.

Viðskipti við tengda aðila

Sala á vörum og þjónustu til tengdra aðila og félaga tengdum þeim nam 0 millj. kr. á árinu 2025 (2024: 123 millj. kr.), en kaup á vörum og þjónustu námu 0 millj. kr. (2024: 327 millj. kr.). Á árinu seldi félagið hluta eigna og reksturs á fjarskiptabúnaði (RAN) til Sendafélagsins. Söluverðið var 1.842 millj. kr.

Skýringar, frh.:

26. Önnur mál

Sýn hf. („félagið“) á í málarekstri við einstaklinga, önnur félög og eftirlitsstofnanir í íslenskum fjarskipta- og fjölmiðlamarkaði. Félagið færir skuldbindingar og/eða kröfur vegna málarekstrar þegar hægt er að meta framtíðar greiðslur og ávinning með áþreifanlegum hætti. Vegna óvissu um framtíðarþróun málarekstrar, niðurstöður dómsmála, úrskurði, áfrýjanir og sættir í málum geta niðurstöður mála leitt til viðbótar skuldbindinga og kostnaðar fyrir félagið. Einnig kann félagið að eignast dæmdar kröfur á hendur þriðju aðilum, sbr. mál nr. E- 6857/2025, að neðan:

Vegna þessara ágreiningsmála hefur engin skuldbinding né krafa verið færð í árshlutareikning félagsins, umfram tekjufærslu á árinu sem nemur samtals 60 m.kr. vegna ágreinings við Neyðarlínuna, sbr. nánar að neðan.

Nú verður gerð grein fyrir helsta málarekstri þar sem Sýn á beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta:

Skaðabótakröfur gegn Auðkenni ehf.

Í héraðsdómsmáli nr. E- 6857/2025 gerir Sýn þá kröfu að Auðkenni verði gert að greiða félaginu 978.681.357 krónur auk dráttarvaxta. Er byggt á því að Auðkenni beri að greiða félaginu fyrir SMS skilaboð sem Auðkenni hefur sent Sýn til miðlunar yfir fjarskiptanet félagsins. Sýn tilkynnti Auðkenni um það árið 2023 að félagið myndi krefjast greiðslu vegna skilaboðanna en Auðkenni hefur frá þeim tíma sent SMS til miðlunar yfir fjarskiptanet Sýnar í tugmilljóna tali. Sýn byggir kröfuna á meginreglu kröfuréttarins um að sá sem veiti þjónustu eigi rétt til endurgjalds. Auðkenni hefur hafnað kröfunni og skilað greinargerð í málinu. Beðið er eftir að málinu verði úthlutað til dómara og ekki liggur því fyrir hvenær aðalmeðferð fer fram.

Sýn gegn Fjarskiptastofu, Símanum hf., Mílu hf., Nova hf. og Ljósleiðaranum

Í héraðsdómsmáli nr. E-6796/2025 voru atvik þau að Fjarskiptastofa hafði tekið ákvörðun að skylda Sýn til að verða við flutningsréttarkröfu Símans hf., sem síðastnefnda félagið hafði sett fram á grundvelli 1. mgr. 45. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011. Í málinu gerði Sýn kröfu um ógildingu ákvörðunarinnar og byggði á því að félagið færi sjálft með forræði á dreifingu fjölmiðlaefnis síns og að engin skilyrði stæðu til þess að neyða félagið til að dreifa efni sínu um sjónvarpsdreifikerfi Símans. Málið fékk flýtimeðferð en áður en það var flutt náðist samkomulag, dags. 30. janúar 2026, milli Sýnar og Símans um helstu skilmála um heildsölu/dreifingu á sjónvarpsþjónustu. Hluti samkomulagsins felst í að fella málið niður fyrir dómi.

Öðrum ágreiningsmálum við Símann, sem fjallað var um í héraðsdómsmálunum nr. E-2362/2020 og nr. E-5072/2022, var lokið með samkomulagi dags. 28. mars 2025 um lúkningu tiltekinna mála á milli Símans hf. og Sýnar. Fór þar fram uppgjör skaðabótakrafna sem Símanum var gert að greiða skv. nefndum dómum.

Mál fyrir eftirlitsstofunum

Ágreiningur um kostnað vegna neyðarboða – Úrskurður ÚFP nr. 7/2024

Í máli nr. 7/2024 tók úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála (ÚFP) fyrir kæru Neyðarlínunnar ohf. á ákvörðun Fjarskiptastofu nr. 13/2024. Meginágreiningsefni málsins var lögskýring á 99. gr. laga nr. 70/2022 um fjarskipti, nánar tiltekið inntak orðalagsins „án endurgjalds“. Kærandi, Neyðarlínan ohf., taldi að ákvæðið legði þá fortakslausu skyldu á fjarskiptafyrirtæki að bera allan kostnað af útsendingu neyðarboða, þar með talin lúkningar- og reikigjöld sem fjarskiptafyrirtæki greiða sín á milli, einkum vegna notenda á erlendum farsímanúmerum. Byggði kærandi kröfu sína einkum á beinni textaskýringu lagaákvæðisins og þeirri meginreglu að skýr ákvæði íslenskra laga gangi framar þeim EES-gerðum sem þau innleiða.

Í úrskurði sínum, dags. 9. júlí 2025, staðfesti úrskurðarnefndin ákvörðun Fjarskiptastofu. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að orðalagið „án endurgjalds“ í 99. gr. fjarskiptalaga væri óskýrt og þyrfti að skýra með hliðsjón af markmiðum laganna og þeirrar tilskipunar sem þeim var ætlað að innleiða. Í niðurstöðu nefndarinnar segir: „Að öllu framangreindu virtu verður litið svo á að fjarskiptafyrirtæki skuli senda viðvaranir um neyðarástand án endurgjalds fyrir endanotandann.“ Þar með er staðfest að Neyðarlínunni ohf. ber að greiða fjarskiptafyrirtækjum þann kostnað sem hlýst af lúkningar- og reikigjöldum vegna útsendingar neyðarboða. Nefndin taldi óeðlilegt að þessi kostnaður félli á fjarskiptafyrirtækin án þess að bein lagaheimild kveddi á um það. Litið var til þess að sú framkvæmd hafði verið við lýði um árabíl og að ef löggjafinn hefði ætlað að breyta henni og leggja nýja og íþyngjandi kvöð á fyrirtækin hefði það þurft að koma skýrt fram í lögskýringargögnum.

Á grundvelli þessarar niðurstöðu úrskurðarnefndar hefur verið framkvæmd tekjufærsla á árinu sem nemur samtals 60 m.kr. Samningaviðræður um uppgjör standa nú yfir við Neyðarlínuna.

Skýringar, frh.:

26. Önnur mál frh.:

Ógilding ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) í máli frá 26. mars 2021 vegna ríkisaðstoðar til Farice ehf. fyrir þriðja fjarskiptasæstrenginn milli Íslands og Evrópu og ný rannsókn

Þann 26. mars 2021 samþykkti Eftirlitsstofnun EFTA að aukning hlutafjár í Farice ehf. um 50 milljónir evra, til að fjármagna megi sæstreng milli Íslands og Írlands, samræmdist ríkisaðstoðarreglum EES samningsins, sbr. sbr. ákvörðun nr. 023/21/COL frá 26. mars 2021.

Sýn taldi að ákvörðun ríkisins um að fela Farice lagningu sæstrengsins feli í sér ólögmæta ríkisaðstoð og skaut ákvörðuninni til EFTA-dómstólsins.

Með dómi EFTA dómstólsins, sem kveðinn var upp 1. júní 2022, féllst EFTA dómstóllinn á kröfu Sýnar hf. um ógildingu ákvörðunar í máli nr. E4/21 vegna formgalla og lagði fyrir ESA að rannsaka málið frekar. Jafnframt var ESA dæmd til greiðslu málskostnaðar.

ESA upplýsti með fréttatilkynningu, dags. 4. febrúar 2026, um seinni ákvörðun í málinu. ESA telur að hlutafjárukningin í Farice vegna IRIS-sæstrengsins hafi falið í sér ríkisaðstoð, en að hún sé í samræmi við EES-reglur. Íslensk stjórnvöld hafi sýnt fram á að þjóðhagslegur ávinningur af fjárfestingunni vegi þyngra en hugsanleg neikvæð áhrif á samkeppni eða viðskipti milli EES-ríkja, með hliðsjón af þeim varúðarráðstöfunum sem settar voru til að lágmarka slík áhrif. ESA hefur ekki enn birt ákvörðunina. Þar af leiðandi hefur ekki verið tekin ákvörðun um mögulega áfrýjun málsins.

Ársfjórðungsyfirlit 2025

	2025 1F	2025 2F	2025 3F	2025 4F	Samtals
Rekstrartekjur					
Seldar vörur og þjónusta	5.270	5.407	5.230	6.073	21.981
	5.270	5.407	5.230	6.073	21.981
Rekstrarkostnaður					
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	2.213	2.279	2.129	2.282	8.903
Laun og launatengd gjöld	1.636	1.529	1.447	1.588	6.200
Annar kostnaður	534	562	525	551	2.171
	4.382	4.370	4.101	4.422	17.274
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir, EBITDA	888	1.037	1.129	1.652	4.707
Afskriftir	(1.029)	(972)	(1.126)	(1.268)	(4.395)
Rekstrarafkoma	(141)	65	3	384	312
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)					
Fjármunatekjur	17	5	5	8	36
Fjármagnsgjöld	(317)	(305)	(323)	(327)	(1.272)
Gengismunur	6	15	8	(8)	21
Hrein fjármagnsgjöld	(294)	(284)	(310)	(327)	(1.215)
Áhrif hlutdeildarféлага	2	0	3	2	7
Tap fyrir tekjuskatt	(433)	(219)	(303)	59	(895)
Tekjuskattur	89	45	64	63	262
Tap tímabilsins	(344)	(174)	(238)	122	(634)
Önnur heildarafkoma					
<i>Rekstrarliðir færðir á eigið fé sem síðar kunna að vera endurflokkaðir í rekstur</i>					
Þýðingarmunur	(4)	0	0		(4)
Heildarafkoma tímabilsins	(348)	(174)	(238)	122	(638)
EBITDAaL tímabilsins	582	716	821	1.339	3.456

Ársfjórðungsyfirlit 2024

	2024 1F	2024 2F	2024 3F	2024 4F	Samtals
Rekstrartekjur					
Seldar vörur og þjónusta	5.365	5.286	5.265	5.731	21.647
	5.365	5.286	5.265	5.731	21.647
Rekstrarkostnaður					
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	2.128	2.100	2.172	2.302	8.702
Laun og launatengd gjöld	1.568	1.646	1.378	1.652	6.244
Annar kostnaður	573	528	464	516	2.080
	4.269	4.274	4.014	4.470	17.026
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir, EBITDA	1.095	1.012	1.252	1.261	4.620
Afskriftir og virðisrýrnun	(1.050)	(955)	(1.055)	(2.218)	(5.278)
Rekstrarafkoma	45	57	197	(957)	(657)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)					
Fjármunatekjur	16	6	17	15	54
Fjármagnsgjöld	(332)	(324)	(372)	(326)	(1.354)
Gengismunur	3	(5)	9	3	10
Hrein fjármagnsgjöld	(313)	(323)	(346)	(308)	(1.290)
Áhrif hlutdeildarfélaga	2	2	2	2	7
Tap fyrir tekjuskatt	(266)	(264)	(147)	(1.263)	(1.940)
Tekjuskattur	67	86	39	68	261
Tap af áframhaldandi starfsemi	(198)	(178)	(107)	(1.194)	(1.679)
Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta	47	(9)	125	0	161
(Tap) hagnaður tímabilsins	(151)	(187)	18	(1.194)	(1.518)
Önnur heildarafkoma					
<i>Rekstrarliðir færðir á eigið fé sem síðar kunna að vera endurflokkaðir í rekstur</i>					
Þýðingarmunur	(6)	6	1	(45)	(44)
Heildarafkoma tímabilsins	(157)	(182)	19	(1.239)	(1.562)
EBITDAaL tímabilsins	748	730	821	1.012	3.309

Stjórnarháttayfirlýsing

Með yfirlýsingu þessari um stjórnarhætti Sýnar hf. er félagið að fylgja þeim viðurkenndu leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland (6. útgáfa leiðbeininganna frá 2. febrúar 2021), með það að markmiði að styrkja innviði Sýnar hf. og auka gagnsæi.

Lög og reglur

Stjórnarhættir Sýnar hf. taka mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, lögum nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, lögum nr. 70/2022 um fjarskipti, lögum nr. 38/2011 um fjölmiðla og öðrum almennum lögum sem gilda um starfsemina. reglum um útgefendur fjármálagerninga, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar, sem og einstakra undirnefnda stjórnar. Lögin má nálgast á vef Alþingis, www.althingi.is, en samþykktir og reglur félagsins á www.syn.is.

Félagið fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem hægt er að nálgast á slóðinni www.leidbeiningar.is. Sýn hf. hefur einnig fengið vottað og staðfest að stjórnkerfi fyrirtækisins fyrir upplýsingaöryggi samræmist alþjóðlega upplýsingaöryggisstaðlinum ISO 27001 og íslenska jafnlaunastaðlinum ÍST 85. Fyrirtækið hefur fengið Hvatningarverðlaun jafnréttismála og viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar en markmið hennar er að auka jafnvægi kynjanna í efstu lögum skipulagsheilda.

Stjórn Sýnar hf. 2025

Í stjórn Sýnar sitja öllu jöfnu fimm aðalmenn og tveir varamenn og eru þeir allir kosnir á aðalfundi félagsins til eins árs í senn. Forstjóri situr stjórnarfundum, auk lögmanns félagsins sem er ritari stjórnar. Þá er framkvæmdastjóri fjármálasviðs reglulegur þátttakandi á stjórnarfundum. Stjórn félagsins ásamt forstjóra fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess. Stjórnin hefur lögbundnu hlutverki að gegna sem henni ber sjálfri að annast nema heimild sé veitt í lögum til að framselja valdið með umboði.

Á árinu 2025 voru bókaðir 22 formlegir stjórnarfundir. Góð mæting stjórnarmanna var á stjórnarfundum og var stjórn ákvörðunarþær á öllum fundum ársins. Sama gildir almennt um mætingu og ákvörðunarþærni á fundum undirnefnda stjórnar.

Á aðalfundi þann 14. mars 2025 var kosið í aðal- og varastjórn félagsins. Á fundinum voru þau: Hákon Stefánsson, Páll Gíslason, Petrea Ingileif Guðmundsdóttir, Ragnar Páll Dyer og Heiðrún Lind Marteinsdóttir kjörin í stjórn félagsins. Daði Kristjánsson og Ingibjörg Ásdís Ragnarsdóttir voru kjörin varamenn. .

Í árslok 2025 var stjórn Sýnar hf. skipuð eftirfarandi aðilum:

Hákon Stefánsson, stjórnarformaður, er fæddur árið 1972. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1998 og er með réttindi til málflutnings fyrir Landsrétti. Hann hefur frá árinu 2019 starfað sem forstjóri InfoCapital ehf. Áður var hann meðeigandi Lögmannna Mörkinni 2018-2019. Þá gegndi hann ýmsum störfum á árunum 2006-2018 fyrir Creditinfo Group, svo sem starfi framkvæmdastjóra á Íslandi, framkvæmdastjóra lögfræðisviðs og alþjóðamarkaða, sem og starfi aðstoðarforstjóra. Hann átti sæti í framkvæmdastjórn Intrum Justitia á árunum 2002-2006, var bæjarlögmaður á Akureyri 2000-2002 og starfaði sem löglærður fulltrúi á Lögfræðistofu Reykjavíkur 1998-2000. Hákon situr og hefur setið í stjórnnum fjölmargra innlendra og erlenda fyrirtækja auk þess að sitja í stjórnnum opinberra stofnana og fyrirtækja. Félög tengd Hákonni, þ.e. Íslex ehf., InfoCapital ehf. og Gavia Invest ehf., fara með 61.147.128 hluti í Sýn hf.

Petrea Ingileif Guðmundsdóttir, varaformaður stjórnar, er fædd árið 1974. Hún á að baki langa reynslu sem stjórnandi og sérfræðingur hjá fjarskipta- og afbreytingarfyrirtækjum, starfaði m.a. sem framkvæmdastjóri sölu-, þjónustu- og markaðssviðs 365 árin 2014 til 2016 og sem forstjóri Tals 2013 til 2014. Hún starfaði einnig sem framkvæmdastjóri markaðssviðs Símans og markaðsstjóri Símans og Skjás Eins. Petrea Ingileif hefur lokið BS prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Petrea Ingileif situr í dag í stjórnnum Ósa, Icepharma, Daga og Allianz á Íslandi ásamt því að sinna ráðgjafastörfum.

Petrea sat einnig í stjórn Sýnar frá árinu 2020 til 2022, sem varaformaður stjórnar frá árinu 2021 til 2022 og formaður stjórnar frá ágúst til október árið 2022. Petrea var formaður stjórnar Símafélagsins frá árinu 2017 til 2018, fram að því að félagið var selt til Nova. Petrea sat í stjórn Terra frá árinu 2017 til 2024. Petrea Ingileif á ekki eignarhlut í félaginu.

Heiðrún Lind Marteinsdóttir er fædd árið 1979. Hún hefur starfað sem lögmaður með megin áherslu á sviði stjórnarháttá, félaga-, samkeppnis-, fjarskipta- og verðbréfamarkaðsréttar. Heiðrún hefur einnig lokið prófi í verðbréfamíðlun. Hún var einn eigenda LEX lögmannsstofu til ársins 2016. Hún þekkir því vel þau lögfræðilegu svið sem tengjast starfsemi Sýnar. Heiðrún Lind sat um tíma í stjórn Ríkisútvarpsins ohf. og stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Hún er framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) og situr auk þess í stjórn Samtaka atvinnulífsins og Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. Hún hefur því viðtæka þekkingu á sviði rekstrar, vinnumarkaðar, efnahagsmála og stjórnsýslu. Heiðrún á 2.000.000 eignarhluti í félaginu í gegnum einkahlutafélag sitt Módel 79 ehf.

Stjórnarháttayfirlýsing frh.

Í árslok 2025 var stjórn Sýnar hf. skipuð eftirfarandi aðilum, frh.:

Páll Gíslason er fæddur árið 1976. Hann er rafmagns- og tölvuverkfræðingur og hefur mest allan sinn feril starfað við nýsköpun á ýmsum sviðum, m.a. við fjarskipti, markaðsviðskipti, fjártækni og hljóðtækni. Hann starfaði í tæp 20 ár á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, lengst af sem forstjóri og meðstofnandi World Financial Desk (WFD) í Bandaríkjunum, en í framhaldi af því sem sjóðsstjóri hjá Crabel Capital Management og síðar sem forstöðumaður markaðsviðskipta hjá Jiko Group. Páll starfar í dag sem framkvæmdastjóri IDER ehf. Páll hefur setið í stjórn Sýnar frá 2021 og situr einnig í stjórn ALM Verðbréfa.

Ragnar Páll Dyer er fæddur árið 1977. Hann lauk Stanford Executive Program frá Stanford Háskóla 2019 og BSc gráðu í rekstrarverkfræði með áherslu á fjármál frá Háskólanum í Reykjavík 2008. Hann hefur frá 2023 starfað sem framkvæmdastjóri hjá InfoCapital ehf. en áður starfaði Ragnar í 16 ár á fjármálamarkaði innan Kviku samstæðunnar nú seinast sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs og stjórnarmaður í TM Tryggingum hf. og Kviku Securities í London. Þar áður starfaði Ragnar við upplýsingatækni sem stjórnarmaður í dótturfélögum og framkvæmdastjóri upplýsingatækni- og Creditinfo Group og sem deildarstjóri vefþróunar hjá Símanum. Ragnar situr og hefur setið í stjórnnum fjölmargra fyrirtæki bæði á Íslandi og erlendis. Félög tengd Ragnari, þ.e. InfoCapital ehf., Gavia Invest ehf. og H33 Invest ehf. fara með 58.147.128 hluti í Sýn hf.

Allir stjórnarmenn félagsins teljast vera óháðir félaginu, viðskiptaaðilum, og samkeppnisaðilum. Þeir Hákon Stefánsson og Ragnar Páll Dyer teljast háðir stórum hluthöfum félagsins í skilningi leiðbeininga um góða stjórnarhætti.

Varamenn stjórnar

Varamenn stjórnar eru þau Daði Kristjánsson og Ingibjörg Ásdís Ragnarsdóttir.

Helsta hlutverk stjórnar:

Meginhlutverk stjórnar Sýnar hf. er að marka félaginu stefnu og hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Kjarni stefnunnar er að hagsmunir viðskiptavina, eigenda og starfsmanna séu hafðir að leiðarljósi. Áhersla er lögð á traustan og arðbæran rekstur og að rekstraráhætta sé lágmarkuð.

- Gæta þess að starfsemi félagsins sé í samræmi við tilgang þess samkvæmt samþykktum og markaðri stefnu.
- Taka ákvarðanir í málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar.
- Gæta þess að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í góðu horfi, t.d. hvað varðar reikningsskil, innra eftirlit og fjárhagsáætlanir.
- Sjá til þess að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna félagsins.
- Ráða forstjóra og veita honum lausn.

Starfsreglur stjórnar

Núgildandi starfsreglur stjórnar voru samþykktar af stjórn þann 28. apríl 2025. Starfsreglurnar samræmast leiðbeiningum um góða stjórnarhætti.

Árangursmat stjórnar

Stjórn félagsins framkvæmdi formlegt árangursmat þann 22. janúar 2026. Helstu þættir sem lagt var mat á voru:

1. Störf stjórnar, verklag og starfshættir.
2. Virkni stjórnar.
3. Frammistaða stjórnarformanns og forstjóra.
4. Undirnefndir stjórnar.
5. Þróun félagsins.

Undirnefndir stjórnar

Í endurskoðunarnefnd Sýnar hf. sitja allt að þrír nefndarmenn skipaðir af stjórn félagsins til eins árs í senn. Nefndin hefur sett sér starfsreglur sem yfirfarnar eru og bornar upp til staðfestingar í stjórn árlega, síðast þann 28. apríl 2025. Nefndin skal m.a. hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, áhættustýringu og annarra eftirlitsaðgerða er varðar fjármál ásamt því að fylgja eftir úrbótum vegna annmarka sem fram koma.
3. Hafa eftirlit með og yfirfara endurskoðun ársreikninga og annarra fjárhagsupplýsinga félagsins.
4. Mat á óhæði ytri endurskoðenda og eftirlit með öðrum störfum ytri endurskoðenda.
5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á ytri endurskoðendum.

Stjórnarháttayfirlýsing frh.

Undirnefndir stjórnar, frh.:

Endurskoðunarnefnd yfirfer einnig stjórnarháttayfirlýsingu félagsins ár hvert. Endurskoðunarnefnd skal skila skýrslu um störf sín til stjórnar árlega.

Við árslok 2025 voru í endurskoðunarnefnd Sýnar hf. Erik Ingvar Bjarnason, formaður, Ragnar Páll Dyer og Páll Gíslason. Nefndin fundaði reglubundið á árinu í tengslum við árs- og árshlutareikninga. Allir nefndarmenn eru óháðir endurskoðendum Sýnar hf. og daglegum stjórnendum. Ragnar Páll Dyer telst háður stórum hluthöfum í skilningi leiðbeininga um góða stjórnarhætti.

Í starfskjaranefnd Sýnar hf. sitja allt að þrír nefndarmenn og eru skipaðir af stjórn félagsins til eins árs í senn. Starfskjaranefnd hefur sett sér starfsreglur, sem voru staðfestar síðast þann 28. apríl 2025. Starfskjaranefnd útbýr starfskjarastefnu Sýnar hf. Hlutverk nefndarinnar er að öðru leyti m.a. að undirbúa tillögur til stjórnar varðandi laun og aðrar greiðslur til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda og lykilstjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna þess. Nefndinni er ætlað að tryggja að laun og önnur starfskjör séu í samræmi við lög, reglur og bestu framkvæmd hverju sinni. Þá er henni ætlað að taka sjálfstæða afstöðu til áhrifa launa á áhættutöku og áhættustýringu félagsins í samráði við endurskoðunarnefnd félagsins.

Við árslok 2025 var starfskjaranefnd Sýnar hf. skipuð þeim Hákon Stefánssyni og Petreu Ingileifu Guðmundsdóttur. Starfskjaranefnd félagsins leggur áherslu á að gagnsæi ríki um starfskjör hjá félaginu gagnvart hluthöfum þess og hefur fylgst með óskum hluthafa um aukið gagnsæi og unnið í því að bæta upplýsingar bæði í ársreikningi og í skýrslu starfskjaranefndar. Starfskjaranefnd fundaði með óreglubundnum hætti á árinu 2025. Petrea telst óháð félaginu og stórum hluthöfum en Hákon telst háður stórum hluthöfum í skilningi leiðbeininga um góða stjórnarhætti.

Tilnefningarnefnd Sýnar hf. hefur sett sér starfsreglur sem hafa verið staðfestar á aðalfundi félagsins. Á aðalfundi árið 2024 var samþykkt sú breytingu á skipan tilnefningarnefndar stjórnarmaður eigi ekki sæti í tilnefningarnefnd. Þess í stað skipi stjórn tengilið úr sínum röðum við tilnefningarnefnd í því skyni að tengsl stjórnar og tilnefningarnefndar rofni ekki. Hina tvo nefndarmennina skuli hluthafafundur Sýnar hf. kjósa ef stjórnarkjör er á dagskrá. Á aðalfundi félagsins árið 2025 var þetta breytta fyrirkomulag staðfest og fram fór kjör tveggja nefndarmanna í samræmi við starfsreglurnar, en leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, geyma tilmæli um starfsemi tilnefningarnefnda.

Tilnefningarnefnd er ætlað að auka líkur á því að stjórn félagsins endurspegli fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu stjórnarmanna félagsins sem og að tryggja aukið gagnsæi í málefnum varðandi tilnefningu stjórnarmanna.

Við árslok 2025 var tilnefningarnefnd Sýnar hf. skipuð Þresti Ólaf Sigurjónssyni, formanni nefndarinnar og Guðríði Sigurðardóttir. Heiðrún Lind Marteinsdóttir er tengiliður stjórnar við tilnefningarnefnd. Eru þau öll óháð félaginu og daglegum stjórnendum þess. Tilnefningarnefnd hélt fjölda funda á starfsárinu, einkum með hluthöfum en jafnframt með stjórnendum félagsins.

Starfsreglur undirnefnda eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins, www.syn.is. Jafnframt er að finna upplýsingar um skipan og hlutverk undirnefnda á vefsíðu félagsins.

Stjórnarháttayfirlýsing frh.

Forstjóri Sýnar hf.

Herdís Dröfn Fjeldsted gegnir stöðu forstjóra félagsins og hefur gegnt starfinu síðan í janúar 2024

Framkvæmdastjórn Sýnar hf. 2025

Forstjóri og framkvæmdastjórnar mynda framkvæmdastjórn félagsins og ber hún ábyrgð á daglegum rekstri þess og fylgni við rekstraráætlanir. Framkvæmdastjórn hittist einu sinni í viku og oftast ef þurfa þykir. Við árslok 2025 skipuðu eftirtaldir aðila framkvæmdastjórn félagsins:

Eðvald Ingi Gíslason, framkvæmdastjóri Fjármála, Páll Ásgrímsson, Aðallögfræðingur, Gunnar Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Upplýsingatækni, Guðmundur Halldór Björnsson, framkvæmdastjóri Sölu og markaðsmála, Sigurbjörn Eiríksson, framkvæmdastjóri Innviða, Kristjana Thors Brynjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Miðla og efnisveitna og Valdís Arnórsdóttir, framkvæmdastjóri Þjónustu og mannauðs.

Ársreikningar félagsins

Reikningsár Sýnar hf. er almanaksárið. Ársreikningar félagsins fyrir árin 2015 til 2025 sem og árshlutareikningar 2015 til 2025 eru aðgengilegir á vefsíðu félagsins.

Sjálfbærni

Sýn hf. leggur ríka áherslu á góða stjórnarhætti, umhverfis- og félagsþætti í starfsemi sinni. Kjarninn í stefnu félagsins er, ábyrgur rekstur, en þar er einnig horft til samfélagsábyrgðar og eru stjórnendur staðráðnir í að samþætta sjálfbæra starfshætti í starfseminni og draga úr áhættu tengdri sjálfbærni.

Sýn er meðvitað um að sjálfbærniáhættur geti haft áhrif á rekstur og virðisbætur félagsins og er hafin innleiðing á verklagsreglum til að draga úr sjálfbærniáhættum sem tengist starfseminni, vörum og þjónustu. Unnin hefur verið tvöföld mikilvægisgreining þar sem lagt hefur verið mat á helstu sjálfbærniáhættur innan félagsins og í virðisbætur þess. Með því að takast á við þessar áhættur með fyrirbyggjandi hætti stefnum við að því að auka seiglu okkar, vernda orðspor okkar og leggja okkar af mörkum til samfélagsins og umhverfisins sem við störfum í.

Stjórn ber ábyrgð á sjálfbærnistefnu Sýnar. Forstjóri og framkvæmdastjórn bera ábyrgð á innleiðingu á sjálfbærni innan félagsins. Mannauðsstjóri leiðir vinnu stýrihóps um sjálfbærnimál í félaginu.

Umhverfisáhætta: Megin umhverfisáhætta Sýnar er mögulegur skortur á raforku og áhrif vegna loftslagsbreytinga, m.a. aukin tíðni ofsaveðurs. Áhættustýringin felst í því að vakta og lágmarka þá áhættu í starfseminni og nýta auðlindir á ábyrgan hátt. Ennfremur er unnið að því að innleiða orkusparandi aðgerðir með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Sýn hefur sett sér markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og mælir árangurinn markvisst. Félagið styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 9, 12 og 13 sem snýr að nýsköpun, umhverfis og loftslagsmálum

Félagsleg áhætta: Megináherslan er að meta og lágmarka félagslegar áhættur í starfsemi og virðisbætur félagsins. Unnið er markvisst að því að byggja upp heilbrigt vinnuumhverfi þar sem hlúið er að vellíðan starfsfólks, mannréttindum, fjölbreytileika og inngildingu. Félagið styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 5 sem snýr að Jafnrétti kynjanna og númer 8, Góð atvinna og hagvöxtur; til að stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla.

Stjórnarhættir og siðferðileg áhætta: Stjórn og stjórnendur vinna eftir siðareglum félagsins og bera ábyrgð á áhættu sem tengist stjórnarháttum, siðferði, spillingu og hlítu við lög og reglur. Sýn fylgir þeim viðurkenndu leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, með það að markmiði að styrkja innviði Sýnar hf. og auka gagnsæi.

Starfsemi Sýnar fellur undir ákvæði ársreikningalaga um ófjárhagslega upplýsingagjöf og hefur birt árs- og sjálfbærnisráðgjöf sem byggir á VSME sjálfbærnisráðgjöf. Þar áður var stuðst við staðalinn Global Reporting Initiative (GRI). Frekari upplýsingar um sjálfbærniáherslur og sjálfbærniupplýsingagjöf má finna í árs- og sjálfbærnisráðgjöf félagsins <https://syn.is/arsskyrsla>

Stjórnarháttayfirlýsing frh.

Upplýsingar um brot á reglum sem viðeigandi eftirlits- og/eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað að viðlögðum sektum

Félagið hlaut ekki dóm fyrir brot á reglum eða stjórnvaldssekt á árinu af hálfu dómstóla eða þar til bærra eftirlitsaðila, að frátaldi ákvörðun fjölmiðlanefndar nr. 1/2005, skv. henni var lögð á stjórnvaldssekt vegna meintra brota á reglum um viðskiptaboð.

Innra eftirlit og áhættustýring

Innra eftirlit og áhættustýring eru grundvallarþættir í starfsemi Sýnar og eru samofin daglegum rekstri félagsins. Stjórnkerfið og skipulag Sýnar er að finna í gæðakerfi félagsins og innra eftirlit og áhættumat er innbyggt í verklag félagsins. Á árinu fékk félagið endurnýjun á vottun samkvæmt ISO27001 staðlinum.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á stefnumótun áhættustýringar en felur gæða- og öryggisráði að sjá um framkvæmd stefnunnar, vöktun og eftirlit með breytingum á áhættuumhverfinu. Viðtækar innri og ytri úttektir eru gerðar á helstu þáttum í rekstri félagsins, t.d. á ytra og innra öryggi kerfa, getu gagnaflutningsneta, upplýsingaöryggi, viðkvæmum ferlum sem og fjármálaferlum félagsins.

Úttektir á stjórnkerfi upplýsingaöryggis, hlítingu við lög, reglur, meðferð trúnaðarupplýsinga er á ábyrgð gæða- og öryggisstjóra sem upplýsir gæða- og öryggisráð Sýnar um niðurstöður þeirra. Í gæða- og öryggisráði eiga sæti forstjóri, framkvæmdastjórnar og gæða- og öryggisstjóri. Ráðið fundar að jafnaði mánaðarlega.

Stjórn Sýnar fer a.m.k. einu sinni á starfsári yfir helstu þætti innra eftirlits og áhættustýringar félagsins og skilgreinir þá áhættuþætti sem félagið þarf að takast á við. Stjórn sér einnig til þess að til staðar sé fullnægjandi kerfi innra eftirlits, sem er formlegt og skjalfest.

Hluthafar félagsins og samskipti

Félagið er hlutafélag og upplýsingar um helstu eigendur þess er að finna á vefsíðu félagsins, www.syn.is. Sýn hf. hefur sett sér upplýsingastefnu, sem sækir stoð í reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga á aðalmarkaði Nasdaq OMX Iceland. Félagið birtir reglulega á vefsíðu sinni fréttir af starfsemi félagsins sem ekki falla undir upplýsingaskyldu þess og sendir eftir atvikum fréttatilkynningar þess efnis til fjölmiðla. Hluthafar sem vilja beina fyrirspurnum til stjórnar eða gera grein fyrir viðhorfum sínum tengdum rekstri geta sent tölvupóst á stjorn@syn.is eða beint fyrirspurnum til stjórnarformanns. Skal stjórnarformaður í slíkum tilvikum annast samskipti við hluthafa f.h. stjórnar og upplýsa stjórn um slík samskipti.

Endurskoðunarnefnd fór yfir yfirlýsinguna og er hún kynnt í drögum á fundi í stjórn Sýnar hf. 22. janúar 2026 og staðfest á stjórnarfundum 26. febrúar 2026.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Okkar Sýn

Sögulegur samruni

Umfangsmesta verkefni ársins 2025 var endurmörkun Sýnar. Vegferðin hófst á vormánuðum árið 2024 þegar vinnan við stefnumótun Sýnar hófst. Frá upphafi var lögð áhersla á að vinna stefnu félagsins í þéttri samvinnu við starfsfólk með viðskiptavininn í hjarta hverrar ákvörðunar. Öllu starfsfólki gafst færi á þátttöku í stefnumótunarvinnunni og í gegnum allt ferlið unnu um sjötiú manns af fullum þunga að mótun nýrrar stefnu félagsins. Þessi vinna leiddi í ljós sterkan samhljóm á meðal starfsfólks, bæði hvað varðar framtíðarsýn en einnig varðandi skilgreiningu á skýrri stefnu félagsins til næstu ára. Stefna félagsins sprettur þannig upp úr grasrótinni og endurspeglar sýn starfsfólks um hvernig gera megi gott fyrirtæki enn betra. Út frá vinnunni varð til ný framtíðarsýn félagsins sem við teljum skapa spennandi grundvöll að nýrri sýn sem samþætt fjölmiðla- og tæknifélag. Félag sem starfar undir samræmdri vörumerkjastefnu með þarfir og væntingar viðskiptavina að leiðarljósi. Framtíðarsýn félagsins verður þannig, Þín sýn er okkar sýn.

Ný samræmd vörumerkjastefna

Saga Sýnar byggir á sögu frumkvöðla sem risu upp gegn einokun, buðu nýjar lausnir og ferska nálgun í þjónustu við viðskiptavininn bæði í fjarskiptum og í fjölmiðlun. Árið 1986 hófu Stöð 2 og Bylgjan göngu sína sem fyrstu einkareknu sjónvarps- og útvarpsstöðvar landsins og breyttu íslensku fjölmiðlaumhverfi til frambúðar. Það sama á við fjarskiptin. Þegar einkaaðilum var fyrst heimilt að reka fjarskiptakerfi á Íslandi árið 1996 spruttu fram ný fyrirtæki sem sköpuðu samkeppni. Nokkur þeirra sameinuðust síðar undir merkjum Vodafone.

Síðustu ár hafa verið ár breytinga og nýrra áherslna í rekstri félagsins. Lögð hefur verið áhersla á að samþætta starfseminna, auka samvinnu og einfalda til að auka skilvirkni í rekstri. Því var farið í að einfalda vörumerkjastefnu fyrirtækisins til að draga úr flækjustigi fyrir viðskiptavininn, auka samheldni starfsfólks og ná meiri slagkrafti á markaði. Saga félagsins var höfð til hliðsjónar þegar ákvörðun var tekin um að sameina vörumerkin Stöð 2 og Vodafone undir merkjum Sýnar. Arfleifð fyrirtækjanna er einmitt að taka djarfar ákvarðanir og hafa hugrekið til að taka skref fram á við.

Ráðist var í yfir 200 verkefni sem unnin voru í sex verkefnastráumum víðsvegar um fyrirtækið. Flestir þættir sem hafa áhrif á vörumerkjavirði voru snertir í þessari vinnu, eiginleikar vörumerkisins og markaðsráðarnir. Eitt þessar verkefna var að einfalda sjónvarpspakkaframboð fyrirtækisins en viðskiptavinir höfðu lengi kallað eftir einfaldara vöruframboði. Því var ráðist í að fækka sjónvarpsþökkum úr rúmlega 100 á einstaklingsmarkaði í 9 sem varð til þess að öll samskipti við viðskiptavininn urðu markvissari ásamt því að það dró verulega úr flækjustig í rekstri. Neytendavörumerkið Sýn var kynnt á markað 12. júní 2025 og vakti strax mikla athygli og í dag þekka yfir 92% landsmanna vörumerkið aðeins hálfu ári eftir endurmörkun.

Áhættustjórnun

Áhættustýring og innra eftirlit

Innra eftirlit og áhættustjórnun er innbyggð í stjórnkerfi Sýnar m.a. í þeim tilgangi að tryggja árangursríkan, ábyrgan og samfelldan rekstur. Markmiðið með áhættustjórnun hjá Sýn er draga úr líkum á neikvæðum áhrifum, nýta tækifæri og tryggja öryggi, afkomu og árangur félagsins. Fagleg vinnubrögð starfsfólks er lykillinn að árangri og tryggir að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir til að draga úr áhættum sem steðja að starfsfólki félagsins sem og félaginu sjálfu. Heilt yfir er rekstur Sýnar frekar áhættufælinn sem þýðir að félagið bregst almennt við áhættum með því að meðhöndla þær til áhættulækkunar t.d. þegar kemur að heilsu og öryggi starfsfólks, viðskiptavina, vinnslu upplýsinga og rekstur net eða upplýsingakerfa.

Innra eftirlit er mikilvægur þáttur í að tryggja örugga og skilvirka starfsemi í samræmi við ytri og innri kröfur Sýnar. Innri og ytri úttektir eru framkvæmdar reglulega til að tryggja að unnið sé í samræmi við sett markmið, stefnur, lög og reglugerðir sem um félagið gilda. Virkt innra eftirlit dregur úr áhættum og bætir skilvirkni í rekstri, fjármálum og upplýsingagjöf.

Regluvörður tilheyrir deild Aðallögfræðings hjá Sýn. Meginhlutverk regluvörslu eru útgefandaskyldur og eftirlit með hlífingar- háttsemisá hættu. Þá snýr starf regluvarðar öðru fremur að tryggja að fullnægjandi þekking sé til staðar innan félagsins á ákvæðum um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti stjórnenda.

Upplýsingaöryggi

Upplýsingaöryggis er lykilþáttur í starfsemi Sýnar og leggur félagið ofuráherslu á að skapa jákvæða öryggismenningu meðal starfsmanna. Allir sem hefja störf hjá Sýn fara í gegnum nýliðafræðslu þar sem m.a. er lögð áhersla á öryggisvitund, persónuvernd og fylgni við kröfur, lög og reglur. Sýn hefur komið upp rafrænni fræðslugátt sem inniheldur m.a. árleg skyldunámskeið fyrir starfsfólk er lúta að upplýsingaöryggi og persónuvernd.

Ófjárhagslegar upplýsingar frh.:

Upplýsingaöryggi frh.

Sýn er vottað samkvæmt alþjóðlega staðlinum ISO27001:2022. Vottunin staðfestir að unnið sé í samræmi við kröfur staðalins og staðfestir að Sýnar fylgir verklagi sem tryggir vernd gagna, minnkar áhættur og minnkar líkur á áföllum eða ófyrirséðum truflunum á starfsemi félagsins.

Hluti af starfsemi Sýnar telst til rekstrarlega nauðsynlegrar þjónustu fyrir Ísland og tryggir stjórnkerfi félagsins m.a. fylgni við lög og reglur um öryggi net og upplýsingakerfa mikilvægra innviða. Sýn lýtur eftirliti Fjarskiptastofu. Net- og upplýsingakerfi félagsins eru vöktuð allan sólahringinn af starfsfólki Stjórnborðs Sýnar þar sem unnið er eftir skilgreindu verklagi ef upp koma bilanir eða þjónusturof. Til staðar er viðbragðs- og neyðaráætlun sem er virkjuð ef upp koma atvik eða atburðir sem ógna öryggi starfsemi félagsins eða net- og upplýsingakerfum þess. Þar eru hlutverk og ábyrgð skýr og skilgreindar hafa verið aðgerðir og boðleiðir í samræmi mismunandi atvik og atburði.

Lykiláhættur félagsins hafa m.a. verið skilgreindar á eftirfarandi hátt þar sem tekið er tillit til sjálfbærniáhætta (áhættur ekki settar fram í neinni sérstakri röð):

Áhrif loftslagsbreytinga, ófyrirséð náttúruvá og orkuskortur

Eldgos, flóð, snjóflóð, aurskriður, eldingar og almennt óveður eru allt hluti af því að búa á Íslandi. Allir þessir atburðir geta haft áhrif á þjónustu Sýnar, valdið auka álagi á þjónustuna og jafnframt valdið þjónusturofi á ákveðnum svæðum í ákveðinn tíma. Félagið vaktar þessar mögulegu áhættur og bregst við m.a. með sólarhingsvöktun á net og upplýsingakerfum og hafa starfsfólk á bakvöktum ef virkja þarf viðbragðs- eða neyðaráætlun Sýnar. Sýn vinnur náið með Almannavörnum og Neyðaröryggissveit Íslands, CertIS er upp koma alvarlegir atburði.

Netógnir eða netárásir

Árás óprúttinna aðila er áhætta sem getur haft alvarleg áhrif á net eða upplýsingakerfi og tiltækileika þeirra auk öryggis þeirra upplýsinga sem þau geyma. Sýn bregst við þessu með því að vera stöðugt að fylgjast með og byggja upp netvarnir félagsins þannig að skaðinn sem netárásir geta valdið sé lágmarkaður. Samstarf félagsins við Vodafone Group gerir félaginu kleift að samþætta tækni, högun og þekkingu á netvörnum. Vöktun og öryggiseftirlit er til staðar á umferð mikilvægra neta og upplýsingakerfa. Gerðar eru reglulegar innri og ytri úttektir, veikleikaskönnun og öryggisprófanir framkvæmdar af innri og ytri netöryggissérfræðingum. Regluleg fræðsla til starfsfólks er til staðar um netógnir og félagið er í góðu samstarfi við Cert-IS Netöryggissveit Íslands.

Félagslegar áhættur í starfseminni

Truflun á starfsemi Sýnar vegna starfsfólksveltu, veikinda, álags, þekkingarleysis eða slysa getur haft neikvæð áhrif á félagið og virðisbætur þess. Slíkar áhættur eru vaktar og markvisst er unnið að því að byggja upp heilbriggt vinnuumhverfi þar sem hlúð er að vellíðan starfsfólks, fjölbreytileika og inngildingu. Sterk liðsheilid, ástíða fyrir starfinu, metnaður og fagmennska er forsenda góðs árangurs í starfi. Að fólki líði vel í vinnunni, það fái útrás fyrir sköpunarþörf sína og takist á við verkefni sem þroska það í leik og starfi. Truflanir geta hins vegar orðið á starfseminni ef starfsfólksvelta, veikindi, álag eða þekkingarleysi verða of mikil. Óhöpp og slys geta einnig haft neikvæð áhrif á starfseminna. Félagið bregst við þessari áhættu með því að rækta sterka menningu meðal starfsfólks, tryggja að starfsfólki líði vel, það þróist í starfi og sé metið að verðleikum. Haldið er úti skipulögðu fræðslustarfi til að auka hæfni starfsfólks og viðhalda markvisst þekkingu innan félagsins. Stuðlað er að jafnrétti og jafnvægi milli vinnu og einkalífs auk þess að undirgangast þær skyldur sem lagðar eru á fyrirtækið.

Áföll í fjarskiptaneti, fjarskipta- og/eða upplýsingakerfum

Upplifun viðskiptavina af þjónustu félagsins skiptir máli. Mikilvægi þjónustunnar eykst sífellt og viðskiptavinir treysta á áhyggjulausa notkun og að starfsemin uppfylli þeirra væntingar. Einstaklingar og fyrirtæki treysta því að kerfin veiti þeim umsamda þjónustu og öll áföll sem leiða til neikvæðrar þjónustuupplifunar geta skaðað orðspor og jafnvel aukið brottfall. Mistök starfsfólks eða þjónustuaðila geta valdið óþarfa álagi og rekstrartruflunum. Áhættan getur hlutgerst á öllum þeim stöðum sem félagið hefur starfsemi, hvort sem er í tækjarymum, hýsingarsölum, verslunum, þjónustuveri, sendastöðum eða skrifstofum. Skilvirkir innri ferlar félagsins geta dregið úr hættunni á því að rangar ákvarðanir um innkaup og jafnvel högun kerfa og uppbyggingu til framtíðar séu teknar. Áhættan hefur meiriháttar staðbundin áhrif ef hún hlutgerist, en getur í verstu útföllum valdið sambandsleysi á landsvísu. Félagið bregst við þessari áhættu með því að skilgreina öll fjarskiptakerfi innan umfangs upplýsingaöryggisvottunar á staðlinum ISO 27001. Kröfur um afritun og afkastagetu kerfa er innbyggt í kerfislega högun. Varaleiðir sambanda eru hluti af uppbyggingu netkerfa auk þess sem vöktun er til staðar allan sólahringinn alla daga ársins. Mikilvægustu innviðir starfseminnar eru varðir fyrir óheimiluðum raunlægum aðgangi. Öll netkerfi, kjarnabúnaður og stoðeiningar eru tengd áætlunum um rekstrarsamfellu.

Ófjárhagslegar upplýsingar frh.:

Lykiláhættur frh.

Ófullnægjandi ráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga

Það er mikilvægur hluti af starfsemi félagsins að vernda persónuupplýsingar viðskiptavina og starfsfólks. Félagið er í ábyrgðarstöðu þar sem kerfi þess vinna með og miðla persónuupplýsingum. Ef miðlun og varsla er ófullnægjandi getur það haft veruleg áhrif á ímynd félagsins. Félagið bregst við þessari áhættu með því að tryggja að geymsla fjarskiptaumferðargagna sé í samræmi við lög og reglur sem þar eiga við. Reglulega eru framkvæmdar innri úttektir á hlítni við þær reglur. Skýrt verklag er til staðar varðandi vinnslu persónuupplýsinga og undir eftirliti persónuverndarfulltrúa. Sett hefur verið saman vinnsluskrá sem rannar inn allar vinnslur félagsins með persónugreinanlegar upplýsingar. Fræðsla til starfsfólks um persónuvernd og vinnslu upplýsinga er hluti af skyldufræðslu.

Stefna félagsins í mannréttindamálum

Félagið hefur sett sér jafnréttisáætlun og tekur hún meðal annars til mannréttinda samkvæmt þeim þáttum sem tilgreindir eru í lögum og stjórnarskrá. Mannauðsstefna félagsins tekur á mannréttindum og einnig tekur birgjustefna félagsins mið af öryggis-, heilbrigðis-, og vinnuumhverfisstefnu félagsins. Undir þá stefnu falla allir miðlægir innkaupasamningar við birgja. Sömu kröfur eru gerðar til birgja og til félagsins sjálfs. Í stefnu kemur m.a. fram að birgjar félagsins skulu ganga vel um náttúruna. Þeir skulu almennt hirða eftir sig rusl, ganga vel um, valda ekki spjöllum við framkvæmdir eins og línulagningar, uppgræðslur, húsbyggingar, jarðboranir og slíkt. Birgjar skulu viðurkenna og virða rétt starfsfólks til félagafrelsis og að það eigi rétt á því að semja um kaup og kjör sameiginlega. Birgjar skulu jafnframt tryggja að starfsfólk þeirra gegni starfi sínu án valds eða nauðungar og að því sé frjálst að hætta með hæfilegum og lögbundnum fyrirvara. Birgjum er óheimilt að ráða ólöggráða börn til að framkvæma vinnu sem er hættuleg eða skaðleg heilsu þeirra og öryggi. Birgi skal virða rétt barna til menntunar og almennrar heilsuverndar. Birgjar skulu í það minnsta virða reglur Alþjóðavinnuumálastofnunar um lágmarks aldur barna sem starfsfólks. Birgjar skulu tryggja að starfsfólk þeirra hafi jöfn tækifæri og jafnan rétt á vinnustað og til starfa án mismununar á grundvelli til dæmis kyns, kynþáttar, trúarbragða, aldurs, fötlunar, kynhneigðar, þjóðernis, skoðana, efnahagslegrar stöðu eða félagslegs bakgrunns. Birgjar skulu skapa vinnuumhverfi sem einkennist af jafnrétti, umburðarlyndi og gagnkvæmri virðingu.

Mútur og peningabætti

Félagið leggur ríka áherslu á að stunda ábyrga viðskiptahætti, starfa af heilindum og sanngirni í samskiptum við starfsfólk, viðskiptavini og aðra sem tengjast fyrirtækinu á einhvern hátt. Í ljósi þess hefur fyrirtækið markað sér skýra stefnu gegn hverskyns spillingu eða mútugreiðslum. Félagið byggir á stefnu Vodafone Group um málaflökkinn og tekur til allrar starfsemi fyrirtækisins. Samkvæmt stefnunni er starfsfólki fyrirtækisins með öllu óheimilt að veita eða þiggja mútur, með beinum eða óbeinum hætti og ber að tilkynna um allt mögulegt misferli.

Mannauður og menning

Mannauðurinn er mikilvægur hlekkur í velgengni og vexti félagsins. Rík áhersla er lögð á að halda í og laða að framúrskarandi fólk sem stuðlar að hámarks árangri einstakra teyma og félagsins í heild. Það gerum við með því að búa því skemmtilegt, nútímalegt og heilbriggt vinnuumhverfi. Við leggjum áherslu á jákvæða menningu, öfluga liðsheild og sýnum hvort öðru virðingu í hvívetna. Okkur er umhugað um að efla fólk í faglegum og persónulegum vexti og veita því tækifæri og traust til að takast á við spennandi verkefni þar sem styrkleikar þess fá sín notið. Því til stuðnings tóku nokkrir starfsmenn við stjórnendahlutverki á árinu sem allir eiga það sameiginlegt að hafa starfað hjá félaginu um langt skeið og þekkja starfsemina því vel. Þessi framþróun endurspeglar bæði metnað einstaklinganna og skuldbindingu okkar við að skapa umhverfi þar sem hæfileikar fá að njóta sín.


Mannauðsstefnu Sýnar er ætlað að styðja við stefnu félagsins sem eru samvinna, skilvirkni og vöxtur.

Þín sýn um spennandi og skemmtilegan vinnustað er okkar sýn

Hjá Sýn leggjum við áherslu á að starfsfólk upplifi vellíðan í vinnu. Það gerum við með því að búa starfsfólki framúrskarandi vinnuaðstöðu, huga að líkamlegri og andlegri heilsu þess og gefa því möguleika á sveigjanleika í vinnu. Við viljum að fólki líði vel í vinnunni, upplifi sig sem hluta af sterkri liðsheild, fái útrás fyrir sköpunarþörf sína og tækifæri til að takast á við verkefni þar sem styrkleikar þeirra fá helst notið sín. Sýn vill þannig stuðla að jákvæðri sjálfsmynd og góðu sjálfstrausti starfsfólks og að starfsfólk sýni frumkvæði í starfi. Við viljum að starfsfólk hlakki til að mæta til vinnu, upplifi sanngirni, gagnsæi og virðingu og sé stolt af því að vinna hjá Sýn. Markmið okkar er að mannauðsstjórnun í félaginu sé virðisaukandi og styðji við stefnu félagsins.

Ófjárhagslegar upplýsingar frh.:

Fólkið okkar



Starfsánægja

Í byrjun árs var starfsánægjukönnun lögð fyrir allt starfsfólk Sýnar á vegum Gallup. Niðurstöður könnunarinnar gáfu dýrmæta innsýn í líðan starfsfólks sem unnið hefur verið með á árinu með það að markmiði að auka starfsánægju og helgun starfsfólks. Niðurstöður voru kynntar öllu starfsfólki og í kjölfarið voru gerð aðgerðaplön innan hversrar einingar. Könnunin er framkvæmd árlega og verður næsta könnun gerð á fyrsta ársfjórðungi 2026.

Ófjárhagslegar upplýsingar frh.:

Frammistöðumat og markmiðasetning

Á árinu var áhersla lögð á virka frammistöðustjórnun og stjórnendur hvattir til að eiga frammistöðusamtöl við starfsfólk og styðja það til árangurs með öflugri markmiðasetningu fyrir árið. Þá var einnig haldið áfram með uppfærslu starfslýsinga fyrir allt starfsfólk samhliða breytingum á skipuriti félagsins.

Innleiðing bættra vinnubragða í mannauðsmálum skilaði sér í jákvæðum niðurstöðum í árlegri könnun meðal starfsfólks. Fleiri starfsmenn en áður telja starfslýsingar lýsandi fyrir störf sín, auk þess sem hlutfall þeirra sem hafa farið í frammistöðusamtal og fengið kynningu á starfsánægjukönnun hækkaði á milli ára.



Jafnrétti, mannréttindi og fjölbreytileiki

Jafnrétti, mannréttindi og fjölbreytileiki eru okkur hugleikin og áhersla lögð á að starfsfólk sé metið að verðleikum, njóti jafnra tækifæra á vinnustaðnum auk þess sem hugað er að inngildingu. Sýn hefur stöðugt unnið að því að skapa vinnuumhverfi sem hvetur til fjölbreytni og jafnréttis. Við vitum að árangur í jafnréttismálum er ekki eitthvað sem gerist af sjálfu sér heldur er það ákvörðun sem við erum stolt af að hafa tekið. Við munum halda áfram að leita leiða til að tryggja fjölbreytileika og inngildingu bæði í hópi stjórnenda og starfsfólks.

Starfsfólki er ekki mismunað á grundvelli kyns, kynþáttar eða þjóðernis, kynhneigðar, aldurs, trúar, skoðana eða annarra þátta skv. ákvæði laga nr. 86/2018. Hegðun á borð við kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni eða önnur óviðeigandi samskipti eða hegðun er ekki liðin. Starfsfólki af öllum kynjum er gert kleið að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Sýn hefur markað sér jafnréttisáætlun í samræmi við ákvæði laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Áætlunin á að tryggja jöfn tækifæri og kjör starfsfólks af öllum kynjum og að allir fái notið sín. Hvers kyns mismunur á grundvelli kynferðis eða annarra þátta er í andstöðu við jafnréttisáætlun og jafnréttislög og er óheimil. Framkvæmdastjórn samþykkti uppfærða aðgerðaráætlun sem er hluti af jafnréttisáætlun í lok árs til þriggja ára. Mannauðsstjóri ber ábyrgð á framkvæmd hennar.

Jafnlaunavottun

Sýn fór í gegnum viðhaldsúttekt á jafnlaunakerfi félagsins síðastliðið vor. BSI á Íslandi tók kerfið út og gáfu út viðhaldsvottun í kjölfarið. Niðurstaða úttektarinnar var að óútskýrður launamunur á heildarlaunum innan félagsins reyndist aðeins 0,5% konum í vil. Samkvæmt jafnréttisáætlun Sýnar er markmið félagsins að vera undir 2% í óútskýrðum launamun og því virkilega ánægjulegar niðurstöður.

Fræðsla og starfsþróun - UNI

UNI er regnhlífahugtak sem nær yfir alla fræðslu sem starfrækt er innan Sýnar. Markmið UNI er að tryggja samræmda grunnþjálfun ásamt því að bjóða upp á sérhæfða fræðslu sem mætir þörfum hvers starfsmanns.

Á árinu var kynnt ný fræðsluáætlun þar sem áhersla var lögð á stjórnendabjálfun og nýliðabjálfun í bland við að efla móttöku nýliða. Fræðslan var að stærstum hluta rafræn, en einnig var boðið upp á staðbundin námskeið og fræðslu í BESTA Bistro, samkomusal félagsins.


Ófjárhagslegar upplýsingar frh.:

Fræðsla og starfsþróun - UNI , frh.:

Auk starfstengdrar þjálfunar var boðið upp á námskeið og fyrirlestra sem stuðla að persónulegum vexti og velliðan. Sýn vill vera í fararbroddi þegar kemur að fræðslumálum og leitar allra leiða til að ná að efla og fræða starfsfólk okkur til að vera alltaf með bestu kunnáttu hverju sinni. Starfsfólk er hvatt til að halda persónulegri símenntun sem mun styrkja starfsfólk í sinni grein og með því efla það til að halda starfsþróun innan félagsins áfram.

Reglulegir starfsmannafundir eru mikilvægur vettvangur fyrir opna upplýsingagjöf og samtal innan félagsins. Fundirnir eru aðgengilegir öllu starfsfólki og nýttir til að miðla fræðslu og upplýsa um helstu verkefni og málefni líðandi stundar.

Lykilmælikvarði fræðslu



Vinnuvernd

Hjá Sýn er lögð áhersla á að tryggja öruggt og heilbrigt vinnuumhverfi fyrir allt starfsfólk. Starfsfólki býðst árlegur heilsustyrkur, influensubólusetningar auk þess sem félagið á í samstarfi við ytri fagaðila sem þjónusta starfsfólk í átt að bættri heilsu.

Innan Sýnar starfar virkur vinnuverndarhópur. Hlutverk hans er að taka til umfjöllunar mál er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustaðnum.

Gagnkvæm virðing er lykilorð í öllum samskiptum hjá Sýn. Við leggjum áherslu á að 14 gr. laga nr. 150/2020 um kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðislega áreitni, sé fylgt, en skv. henni er kynbundin og kynferðisleg áreitni, einelti eða önnur samskipti, sem eru til þess fallin að valda vanlíðan hjá öðrum ekki liðin.

EKKO

Sýn er með samkomulag við Vinnuvernd um að taka að sér EKKO vöktun fyrir félagið. EKKO er skammstöfun fyrir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustað. Markmiðið er að styrkja enn frekar aðgerðir Sýnar gegn ósæmilegri hegðun á vinnustað og styðja náið við starfsfólk sem telur sig verða fyrir slíkri hegðun. Sálfræðiteymi Vinnuverndar vaktar tilkynningar sem berast í gegnum tilkynningarsíðuna um mögulegt einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustað. Sálfræðiteymið sem hefur þannig hlutverk í viðbragðsteymi félagsins er hlutlaus og óháður aðili og aðstoðar starfsfólk. EKKO ráðgjafi útskýrir skilgreiningar á einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi og fer yfir ýmsa þætti verklagsins til að aðstoða starfsfólk til að taka upplýsta ákvörðun um til hvaða aðgerða það vill grípa til.

Félagslífið

Mikið er lagt upp úr góðum anda á vinnustaðnum, jákvæðum samskiptum og því að hafa gaman í vinnunni. Vinnustaðamenningin einkennist af drifkrafti, samvinnu og frumkvæði. Boðleiðir eru stuttar og starfsfólk hjálpast að við að ná settum markmiðum.

Innan fyrirtækisins starfar starfsmannafélagið Stýna, sem stendur reglulega fyrir viðburðum fyrir starfsfólk og fjölskyldur þeirra en auk þess eru fjölmargir klúbbar starfræktir á meðal starfsfólks til dæmis hjólahópur, hlaupahópur og píluklúbbur svo fátt eitt sé nefnt.

Ófjárhagslegar upplýsingar frh.:

Sjálfbærnistefna Sýnar

Sjálfbærnistefna Sýnar rammar inn helstu áherslur félagsins í sjálfbærni og er innleidd í alla starfsemina. Lögð er rík áhersla á ábyrgan rekstur, og að tekið sé mið af helstu umhverfis- og félagslegum þáttum auk stjórnarháttanna (hér eftir nefnt UFS þættir), í starfsemi félagsins. Kjarninn í stefnunni felst í þeirri ábyrgð að reka fjarskipta og fjölmiðlafyrirtæki á Íslandi. Sýn hyggst takast á við helstu áhættur í umhverfinu, samfélaginu og virðiskeðju sinni með fyrirbyggjandi hætti þar sem horft er til þess að auka sjálfbærni, vernda orðspor, efla seiglu og verðmæti félagsins með hagsmuni haghafa Sýnar í öndvegi. Sjálfbærnistefnan byggir á tvöfaldri mikilvægisgreiningu þar sem lagt er mat á þau helstu umhverfis- og samfélagsáhrif (jákvæð og neikvæð) félagsins auk þeirra sjálfbærniáhætta og tækifæra sem geta haft áhrif á Sýn og virðiskeðju þess.

Markmið

Markmiðið er að stefnan endurspegli lykil sjálfbærniáherslur Sýnar út frá veigamestu UFS áhrifum starfseminnar sem og utanaðkomandi UFS áhættum sem að félaginu steðja. Skal slíkt vera mælt í samræmi við gildandi lög og leiðbeinandi viðmið og innleitt í almennt áhættumat félagsins. Áhersla er lögð á að samþætta sjálfbæra starfshætti í starfsemi, markmið og aðgerðir félagsins og draga úr áhættu tengdri sjálfbærni ásamt því að greina skilmerkilega frá slíku í upplýsingagjöf félagsins. Nánar um markmið Sýnar má finna í árs- og sjálfbærnisýrslu.

Ábyrgðaraðilar

Stjórn ber ábyrgð á að samþykkja stefnuna og uppfærslur á henni. Forstjóri ber ábyrgð á að tryggja að viðeigandi endurskoðun á stefnunni eigi sér stað.

Forstjóri og framkvæmdastjórn bera ábyrgð á innleiðingu á sjálfbærnistefnu innan félagsins og framkvæmdastjórnar gæta þess að viðeigandi reglur og verklag innan starfssviðs þeirra séu í samræmi við stefnuna og að starfsmenn séu upplýstir um efni hennar.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á því að aðrar stefnur, reglur og vinnuleiðbeiningar sem samþykktar eru séu í samræmi við sjálfbærnistefnu þessa.

Mannauðsstjóri ber ábyrgð á því að skipa í sjálfbærnistýrihóp ár hvert og ber mannauðsstjóri ábyrgð á vinnu hópsins. Hlutverk hópsins er að hafa umsjón með framkvæmd sjálfbærnistefnu, framkvæmd sjálfbærni áhættumats með tilliti til UFS rekstraráhættu, skrifa árlega sjálfbærnisýrslu félagsins, þróa sjálfbærnimarkmið, verkefnastýra aðgerðum og fylgjast með framvindu þeirra.

Upplýsingagjöf

Sýn birtir upplýsingar árlega um ófjárhagsleg atriði tengd starfsemi félagsins í samræmi við lög um ársreikninga en þar er kveðið á um að félagið skuli láta fylgja með skýrslu stjórnar, ófjárhagslega upplýsingagjöf í samræmi við ákvæði 66. gr. d í lögum um ársreikninga 3/2006. Til viðbótar, þá birtir Sýn árs- og sjálfbærnisýrslu sem byggir á valkvæðum upplýsingastaðli (e. Voluntary Reporting Standard for SMEs, VSME) sem Evrópusambandið hefur sett fram.

Lykilþættir í sjálfbærnistefnu

Haustið 2025 fór Sýn í uppfærslu á tvöfaldri mikilvægisgreiningu með aðstoð ráðgjafa með það að markmiði að skerpa á áherslum og mikilvægisþáttum m.t.t. kjarnastarfsemi félagsins og virðiskeðju þess. Sjálfbærnistýrihópur Sýnar lagði mat á 14 sjálfbærni viðfangsefni úr ESRS sjálfbærnistaðlinum út frá áhrifum, áhættu og tækifærum sem tengjast félaginu. Mikilvægustu þættir Sýnar voru metnir út frá fimm flokkum og 7 undirflokkum líkt og sjá á myndinni hér fyrir neðan. Sýn hefur sett sér langtíamarkmið út frá þessum flokkum sem koma fram í stefnu þessari og á hverju ári er unnið að aðgerðum og mælanlegum markmiðum tengdum þeim sem birt er í árlegri sjálfbærnisýrslu félagsins.



Umhverfisþættir

Umhverfisstefna Sýnar er að ganga um landið af virðingu, með umhverfisvernd að leiðarljósi. Sýn vinnur þannig markvisst að því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðla að sjálfbærri nýtingu orku og auðlinda. Félagið leggur áherslu á að framkvæmdir og rekstur hugi að náttúru, samfélagi og að loftslags- og hringrásarhugsun sé samþætt allri starfsemi. Félagið styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 9, 12 og 13 sem snýr að nýsköpun og uppbyggingu, ábyrgri neyslu og framleiðslu og aðgerðum í loftslagsmálum.

Ófjárhagslegar upplýsingar frh.:

Félagslegir þættir

Sýn er umhugað um andlega og félagslega vellíðan starfsfólks og leggur áherslu á að byggja upp heilbriggt vinnuumhverfi þar sem hlúið er að vellíðan starfsfólks, mannréttindum, fjölbreytileika og inngildingu. Félagið styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 5 sem snýr að jafnrétti kynjanna og númer 8, góð atvinna og hagvöxtur sem styður við sjálfbærar hagvöxt og arðbær og mannsæmandi atvinnutækifæri fyrir alla.

Stjórnarhættir

Stjórn og stjórnendur vinna samkvæmt siðareglum félagsins og bera ábyrgð á áhættu sem tengist stjórnarháttum, siðferði, spillingu og hlítni við lög og reglur. Sýn fylgir viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, með það að markmiði að styrkja innviði Sýnar og auka gagnsæi.

Umhverfi

Virðing fyrir náttúrunni og lágmörkun umhverfisáhrifa er meginstef í sjálfbærnistefnu Sýnar. Umhverfisvernd og ábyrg auðlindanýting er leiðarljós í allri starfsemi. Félagið fylgir eftir skýrum ferlum er varðar umsýslu og rekstur fjarskiptainnviða og er ávallt leitast við að framkvæmdir á vegum félagsins valdi sem minnstu umhverfisraski.

Félagið hefur frá árinu 2015 mælt umhverfisáhrifin frá starfsemi og unnið er markvisst að því að draga úr þeim sem felst meðal annars með ábyrgri nýtingu auðlinda, innleiðingu á orkusparandi aðgerðum, minnkun úrgangs og stuðningi við hringrásarkerfi í starfsemi. Markmiðið er að auka notkun á vistvænni orku og að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Félagið styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 9, 12 og 13 sem snýr að nýsköpun og uppbyggingu, ábyrgri neyslu og framleiðslu og aðgerðum í loftslagsmálum.

Stjórn og stjórnendur eru meðvituð um að sjálfbærniáhættur hafi áhrif á starfsemi og virðisbætur félagsins. Byggt á tvöfaldri mikilvægisgreiningu og áhættustýringu fjarskiptainnviða eru megin umhverfisáhættur Sýnar mögulegur raforkuskortur, náttúruvá og aukin losun gróðurhúsalofttegunda. Áhættustýringin felst í því að vakta og lágmarka þá áhættu í starfsemi. Nýsköpun gegnir mikilvægu hlutverki í framþróun í átt að vistvænni fjarskiptatækni. Leitast er við að einfalda ferla sem felst meðal annars í því að sjálfvirknivæða ferla, þróa öflugar stafrænar lausnir og innleiða nýja tækni. Þá á sér stað samstarf með viðskiptavinum, birgjum og verktökum við að þróa vörur og þjónustu til að lágmarka áhrifin sem félagið hefur á umhverfið.

Félagið nýtir hugbúnað frá Klöppum hf. til að taka saman árlegt umhverfisuppgjör.

Frá árinu 2015 hefur félagið kolefnisjafnað starfsemina með trjárækt í samstarfi við Kolvið. Tekin var ákvörðun árið 2024 og nú aftur fyrir 2025 að kaupa 200 staðfestar kolefniseiningar í gegnum ICR til að jafna kolefnislosun Sýnar. Heildarlosun 2025 fyrir umfang 1 og 2, er 157,2 tonn CO₂ sem er lækkun um 8,34% eða 14,3 tonn frá árinu áður. Þessi nálgun að fjárfesta í blönduðum kolefnisjöfnunareiningum tryggir sveigjanleika, dregur úr áhættu og hámarkar jákvæð umhverfisleg og samfélagsleg áhrif.




Hluti af hringrásarkerfi félagsins er skapa vettvang fyrir viðskiptavinum til að draga úr vistspori tækja. Félagið býður viðskiptavinum að koma með eldri snjalltæki með þjónustunni „Notað upp í nýtt“ hjá Sýn. Ef tæki reynist verðlaust þá er því fargað á ábyrgan hátt í samstarfi við fyrirtækið Foxway. Samkvæmt úttekt Foxway þá kom hringrásarkerfið í veg fyrir losun á rúmlega 10.488 kg koltvísýringsígilda á síðastliðnu ári. Mikill meirihluti þeirra tækja sem var skilað inn í hringrásarverkefnið öðluðust nýtt líf, eða um það bil 82,5% og hin voru nýtt í varahluti og góðmálmarnir og önnur hráefni sem í þeim var að finna voru endurnýtt.

Árið 2025 hélt Sýn sínu striki við að leggja sitt af mörkum í flokkun úrgangs sem kemur frá félaginu. Starfsfólk er að jafnaði hvatt til að flokka allt það sorp sem myndast í og við reksturinn. Flokkunartunnur eru staðsettar viðsvegar um fyrirtækið til að auðvelda flokkun.

Bílafloti Sýnar saman stóð af 33 bifreiðum í lok árs 2025. Skipting bílaflotans var eftirfarandi; raf- eða tengiltvinnbílar 16 stk., Hybrid bifreiðar 2 stk., breyttar jeppabifreiðar með dísel hreyfli 6 stk., sendibifreiðar og jepplingar með dísel hreyfli 7 stk. Sýn hvetur starfsfólk sitt til að notast við vistvænar samgöngur til og frá vinnu með tvennum hætti. Annars vegar með því að bjóða starfsfólki að gera samning um samgöngustyrk en með þeim samningi skuldbindur starfsfólk sig til að notast við vistvænar samgöngur í það minnsta þrisvar sinnum í viku. Árið 2025 nýttu að jafnaði 72 einstaklingar sér samgöngustyrk félagsins. Góð aðstaða er fyrir starfsfólk til að koma hjólandi eða gangandi til vinnu. Boðið er upp á upphitaða hjólageymslu með tengimöguleikum til að hlaða rafhjól og góða búningsaðstöðu með sturtu og þurrskápum. Einnig býður félagið upp á rafhleðslu við höfuðstöðvarnar sem bæði starfsfólk og viðskiptavinir geta nýtt sér að kostnaðarlausu.



Ófjárhagslegar upplýsingar frh.:

Lykilmælikvarðar:



Ófjárhagslegar upplýsingar frh.:

Lykilmælikvarðar frh.



Nánari umfjöllun um þessi málfræði ásamt tölulegum upplýsingum og ítarlegu umhverfisuppgjöri er að finna í árs-og sjálfbærnisýrslu félagsins.


Ófjárhagslegar upplýsingar frh.:

Tvöföld mikilvægisgreining

Tvöfalda mikilvægisgreining (e. Double Materiality) Sýnar var uppfærð á árinu með aðstoð utanaðkomandi ráðgjafa þar sem viðfangsefnin voru endurmetin og áherslum fækkað. Greiningin skiptist í umhverfisþættir, félagslegir þættir og stjórnarhættir (UFS) og nær til samtals 14 viðfangsefna. Af þeim voru átta metin sem hvað mikilvægust fyrir starfsemi félagsins með hliðsjón af áhættu, áhrifa og tækifæra tengdum sjálfbærni.

Aðlögun og mildun loftlagsbreytinga var sameinað í eitt viðfangsefni en auk þeirra fengu orka, hringrásarhagkerfi, heilsa og öryggi, áhrif upplýsinga á neytendur og endanotendur, fyrirtækjamenning og birgjatengsl viðfangsefnin mest vægi í tvöföldu mikilvægisgreiningunni.

Sjá má vægi þeirra á neðangreindri mynd.



Birgjastefna og birgjamat með tilliti til UFS

Sýn leggur mikla áherslu á að birgjar, undirbirgjar og verktakar tileinki sér ábyrga starfshætti m.a. með tilliti til umhverfis- og félagslegra þátta, ásamt ábyrga stjórnarháttum.

- Birgjar og verktakar skulu ganga vel um náttúruna við framkvæmdir. Þeir skulu virða rétt starfsfólks síns hvað varðar félagsfrelsi, kaup og kjör, að starfsfólk geti sinnt sínu starfi án valds eða nauðungar og að ólöggráða börn séu ekki ráðin til vinnu.
- Birgjar, verktakar og starfsfólk á þeirra vegum skulu hafa jöfn tækifæri án mismunar með tilliti til kyns, kynþáttar, trúarbragða, aldurs, fíðlunar, kynhneigðar, þjóðernis eða skoðana.
- Birgjar og verktakar skulu beita sér gegn spilling, mútum, fjárkúgunum og svikum og beita viðurkenndum siðareglum í viðskiptum og forðast hagsmunaárekstra milliliða og undirverktaka.

Samningar við birgja

Sýn leggur mikla áherslu á að standast ítrustu kröfur um upplýsingaöryggi. Tilskipunin NIS2 tók gildi í Evrópu í október 2024 og er í innleiðingu á Íslandi en í því felast auknar kröfur til birgja.

Sýn gerir kröfur til þess að birgi eða verktaki geri ráðstafanir til að stjórna áhættu í netöryggi. Hann skal vera með dulkóðun, framkvæma reglulega öryggisprófanir og vera með verklagsreglur vegna öryggisatvika.

Sýn velur með áhættumati við hvaða birgja er samið út frá viðeigandi öryggisráðstöfunum sem birginn tryggir að hann fylgi og skulu undirbirgjar og/eða þriðju aðilar jafnframt uppfylla ítrustu kröfur um áhrif á net eða kerfi. Allir birgjar sem tengjast hugbúnaði skuli vera með skilgreinda staðla í netöryggi.

Í NIS2 eru kröfur um að setja þurfi skýrar verklagsreglur um tilkynningu atvika í samningum, hverjir tilkynna og hvaða upplýsingum er deilt til hverra. Enn fremur þurfa birgjar að tryggja að eftirliti stjórnenda sé sinnt og skilgreina ábyrgð vel.

Ófjárhagslegar upplýsingar frh.:

Flokkunarreglugerð

Flokkunarreglugerð ESB tók gildi á Íslandi 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Tilgangur reglugerðarinnar er að skilgreina hvaða atvinnustarfsemi telst vera umhverfislega sjálfbær út frá tæknilegum matsviðmiðum sem koma fram í framseldri reglugerð 2021/2139 og á að stuðla að gagnsæi í sjálfbærniupplýsingagjöf. Til þess að fyrirtæki geti talist umhverfislega sjálfbær í skilningi reglugerðarinnar þurfa þau að uppfylla viðmið fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi skv. 3. gr. reglugerðarinnar. Í fyrsta lagi þarf atvinnustarfsemin að stuðla verulega að einu eða fleiri umhverfismarkmiðum, á sama tíma má hún ekki skaða önnur markmið. Hún þarf að vera stunduð í samræmi við 18. gr. flokkunarreglugerðarinnar um lágmarksverndarráðstafanir og að lokum að hlíta tæknilegum matsviðmiðum.

Reglugerðin gerir kröfu um að fyrirtæki birti hlutfall veltu, fjárfestingagjalda og rekstrargjalda fyrir nýliðið rekstrartímabil á hæfri starfsemi, það er, starfsemi sem fellur undir flokkunarreglugerðina. Að sama skapi skal birta sömu lykilmælikvarða fyrir starfsemi sem uppfyllir öll viðmið reglugerðarinnar og telst vera samræmd starfsemi eða umhverfislega sjálfbær.

Á Íslandi gildir reglugerðin um fyrirtæki sem falla undir skyldu til að skila ófjárhagslegum upplýsingum skv. 66. gr. d í lögum um ársreikninga, nr. 3/2006. Sýn fellur því undir gildissvið reglugerðarinnar og hér á eftir fara nánari skýringar á því hvernig skilyrðin eru uppfyllt.

Lágmarksverndarráðstafanir

Lágmarksverndarráðstafanir samkvæmt 18. gr. fela meðal annars í sér kröfur um virðingu fyrir mannréttindum, aðgerðir gegn spillingu og mútum, fylgni við samkeppnislög og ábyrga skattframkvæmd. Stefna og verklag félagsins á þessum sviðum er lýst hér að neðan í köflum um mannréttindi, spillingu og mútur, samkeppnismál og skattamál.

Mannréttindi

Félagið hefur sett sér jafnréttisáætlun og mannauðsstefnu sem taka mið af stjórnarskrárvörðum mannréttindum og gildandi lögum. Birgjustefna félagsins kveður á um að birgjar skuli virða grundvallarréttindi starfsfólks, þar á meðal félagafrelsi, bann við nauðungarvinnu og barnavinnu, jafnræði og bann við mismunun. Gerðar eru sömu kröfur til birgja og til félagsins sjálfs.

Spilling og múturþægni

Félagið starfar samkvæmt skýrri stefnu gegn spillingu og mútum og er starfsfólki óheimilt að veita eða þiggja mútur, með beinum eða óbeinum hætti. Krafa er gerð um tilkynningu um mögulegt misferli og viðeigandi viðbrögð við frávikum.

Samkeppnismál

Félagið leggur áherslu á að fylgja samkeppnislögum og stuðla að heilbrigðri samkeppni á markaði. Starfsfólk er upplýst um skyldur sínar og félagið leitast við að fyrirbyggja háttsemi sem gæti raskað samkeppni.

Skattamál

Félagið starfar í samræmi við gildandi skattalög og leggur áherslu á gagnsæi og ábyrga skattframkvæmd. Félagið hefur sett sér formlega skattastefnu þar sem kveðið er á um ábyrgðarskiptingu, skilgreind eftirlitshlutverk og skýra skýrslugjöf. Skattamálum félagsins er þannig háttað í samræmi við lög, reglur og viðurkennd viðmið um ábyrga viðskiptahætti.

Hæf starfsemi

Sýn hóf yfirferð á starfsemi sinni í samræmi við tæknileg matsviðmið þar sem starfsemi félagsins var borin saman við þau tæknilegu matsviðmið sem nú þegar hafa verið birt út frá umhverfismarkmiðunum mildun loftslagsbreytinga og aðlögun að loftslagsbreytingum. Við mat á starfseminni kom í ljós að flokkur 6.5: flutningar með mótórhjóllum, fólksbifreiðum og atvinnuökutækjum gætu fallið undir umhverfismarkmiðið mildun loftslagsbreytinga og flokkar 8.3: þáttagerðar- og útsendingarstarfsemi og 13.3: útgáfustarfsemi á sviði framleiðslu á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni, hljóðupptöku og tónlist falla undir umhverfismarkmiðið aðlögun að loftslagsbreytingum..

Ófjárhagslegar upplýsingar frh.:

Samræmd starfsemi

Til þess að starfsemi teljist samræmd og þar með uppfylla skilyrði flokkunarreglugerðarinnar um að vera umhverfislega sjálfbær þarf hún að vera verulegt framlag (e. substantial contribution) og valda ekki umtalsverðu tjóni (e. do no significant harm), auk þess að uppfylla lágmarks verndarráðstafanir. Kröfurnar eru ítarlegar og ljóst að ef að fyrirtæki vilja gefa það út að markmiðin séu uppfyllt með góðri samvisku og þannig að þær standist skoðun þarf mikil grunnvinna að hafa átt sér stað. Þó svo að bílar í eigu og rekstri Sýnar séu allir annað hvort rafmagnsbílar eða bensín/rafmagnsbílar og uppfylli markmiðið um verulegt framlag til mildunar loftslagsbreytinga eru kröfur sem snúa að hjólbörðum þeirra þess eðlis að gera þarf ráðstafanir til að þeir standist viðmið varðandi veltiviðnámsstuðul og ytri snúningshávaða. Eins og stendur næst ekki að uppfylla þær kröfur hjá bílum Sýnar og því er ekki hægt að staðfesta að þeir séu umhverfislega sjálfbærir í skilningi reglugerðarinnar.

Flokkar sem snúa að útvarps- sjónvarpssendingum og dagskrárgerð og útgáfustarfsemi efnis falla undir umhverfismarkmiðið aðlögun að loftslagsbreytingum. Þar eru viðamiklar kröfur gerðar til framkvæmdar loftslagsáhættu- og veikleikamats með tilliti til aðlögunar að loftslagsbreytingum. Matið skal gert í fjórum skrefum út frá umfangi starfseminnar og væntum líftíma og koma skal fram með aðlögunarlausnir sem draga úr helstu efnislegu loftslagsáhættum. Slikt mat hefur ekki farið fram á starfsemi Sýnar og því ekki hægt að staðfesta loftslagsáhættur í starfsemi fyrirtækisins.

Lykilmælikvarðar

Evrópusambandið hefur gefið út leiðbeiningar um útreikning á lykilmælikvörðum í framseldri reglugerð (ESB) 2021/2178 og Sýn hefur lagt sig fram um að fylgja þeim leiðbeiningum. Hlutfall veltu, fjárfestingagjalda og rekstrargjalda er reiknað í samræmi við 8. gr. flokkunarreglugerðarinnar. Hins vegar er möguleiki á því að kröfur eða aðferðafræði muni taka breytingum eftir því sem reglugerðin verður uppfærð og getur það haft áhrif á framtíðarútreikninga Sýnar. Eins ef að í ljós kemur að starfsemi félagsins fellur betur að öðrum umhverfismarkmiðum en þeim sem nú þegar hafa verið birt.

Velta

Hlutfall veltu samkvæmt skilgreiningu flokkunarreglugerðarinnar nær yfir tekjur sem eru færðar skv. a-lið 82. mgr. alþjóðlegs reikningsskilastaðals (IAS-staðli) 1. Heildarvelta í samræmi við skilgreininguna er í samræmi við heildarveltu félagsins fyrir árið 2025 eins og hún kemur fram í skýringu 3 með ársreikningi. Þar af er 45% vegna starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en ekki var hægt að staðfesta að væri umhverfissjálfbær starfsemi. Sjá hlutföll í töflu yfir veltu á bls. 58.

Fjárfestingargjöld

Sýn hefur úthlutað fjárfestingargjöldum á gjaldgenga starfsemi í samræmi við flokkunarreglugerðina. Fjárfestingargjöld samkvæmt 8. gr. flokkunarreglugerðarinnar samanstanda af viðbótum vegna efnislegra og óefnislegra eigna á rekstrarárinu fyrir afskriftir, niðurgreiðslur og endurmat, að undanskildum breytingum á gangvirði. Fjárfestingarútgjöld námu alls 3.218 kr. á árinu 2025 í samræmi við viðbætur ársins í skýringum 7, 10, 11 og 13 með ársreikningi. Þar af eru 69% vegna starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en ekki var hægt að staðfesta að væri umhverfissjálfbær starfsemi. Sjá hlutföll í töflu yfir fjárfestingargjöld á bls. 59.

Rekstrargjöld

Flokkunarreglugerðin skilgreinir rekstrargjöld þrengra en almennt gildir um rekstrargjöld í reikningshaldslegum skilningi. Undir rekstrargjöld skal falla beinn kostnaður sem ekki er færður til eignar, sem varðar rannsóknir og þróun, ráðstafanir vegna endurnýjun bygginga, skammtímaleigu, viðhald og viðgerðir og önnur bein útgjöld vegna daglegs viðhalds varanlegra rekstrarfjármuna fyrirtækisins eða þriðja aðila sem starfsemi er útvistað til, sem þörf er á til að tryggja áframhaldandi skilvirka starfsrækslu slíkra eigna. Rekstrargjöld námu alls 23 millj. kr. á árinu 2025 og voru til komin vegna viðhalds og viðgerða. Þar af eru 12% vegna starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en ekki var hægt að staðfesta að væri umhverfissjálfbær starfsemi. Sjá hlutföll í töflu yfir rekstrargjöld á bls. 60.

Velta

				Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")														
Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heildar velta (3)	Hlutfall veltu (4)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)*	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Vatns- og sjávarauðlindir (7)	Hringrásarhagkerfið (8)	Mengun (9)	Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (12)	Vatns- og sjávarauðlindir(13)	Hringrásarhagkerfið (14)	Mengun (15)	Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (16)	Lágmarks verndarráðstafnir (17)	Hlutfall veltu sem fellur að flokkunarkerfinu, ár N (18)	Hlutfall veltu sem fellur að flokkunarkerfinu, ár N-1 (19)	Flokkur(starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfis- markmiðum (20)	Flokkur "(umbreytingarstarfsemi)" (21)				
				ISK	%	%	%	%	%	%	%	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	%	%	E	T		
				A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR																				
				Velta frá starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		0,00																		
				Páttagerðar- og útsendingarstarfsemi		8.3	2.893	13%																
Útgáfustarfsemi á sviði framleiðslu á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni, hljóðupptöku og tónlist		13.3	6.973	32%																				
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)			9.866	45%																				
Alls (A.1+A.2)			9.866	45%																				
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																								
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)			12.115	55%																				
Alls (A+B)			21.981	100%																				

Fjárfestingagjöld

				Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")						Lágmarks vendarráðstafnir (17)	Hlutfall fjárfestingargjalda sem falla að flokkunarkerfinu, ár N (18)	Hlutfall fjárfestingargjalda sem fellur að flokkunarkerfinu, ár N-1 (19)	Flokkur(starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum (20)	Flokkur "(umbreytingarstarfemi)" (21)
Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heildar fjárfestingargjöld (3)	Hlutfall fjárfestingargjalda (4)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)*	Aðlagun að loftslagsbreytingum (6)	Vatns- og sjávarauðlindir (7)	Hringrásarhagkerfið (8)	Mengun (9)	Líffræðileg fjölbreytni og vísikerfi (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Aðlagun að loftslagsbreytingum (12)	Vatns- og sjávarauðlindir (13)	Hringrásarhagkerfið (14)	Mengun (15)	Líffræðileg fjölbreytni og vísikerfi (16)					
		ISK	%	%	%	%	%	%	%	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	%	%	E	T
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR																				
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		0,00																		
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																				
Þáttagerðar- og útsendingarstarfsemi	8.3	648	20%																	
Utgáfustarfsemi á sviði framleiðslu á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni, hljóðupptöku og tónlist	13.3	1.562	49%																	
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		2.210	69%																	
Alls (A.1+A.2)		2.210	69%																	
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																				
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		1.008	31%																	
Alls (A+B)		3.218	100%																	

Rekstrargjöld

				Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")										
Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heildar rekstrargjalda (3)	Hlutfall rekstrargjalda (4)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)*	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Vatns- og sjávarauðlindir (7)	Hringrásarhagkerfið (8)	Mengun (9)	Líffræðileg fjölbreytni og vísikerfi (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (12)	Vatns- og sjávarauðlindir(13)	Hringrásarhagkerfið (14)	Mengun (15)	Líffræðileg fjölbreytni og vísikerfi (16)	Lágmarks verndarðstæðanir (17)	Hlutfall rekstrargjalda sem falla að flokkunarkerfinu, ár N (18)	Hlutfall rekstrargjalda sem falla að flokkunarkerfinu, ár N-1 (19)	Flokkur(starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum (20)	Flokkur " (umbreytingarstarfemi)" (21)
				%	%	%	%	%	%	%	%	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	%	%	E
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR																				
Rekstrargjöld frá starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		0,00																		
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																				
Flutningar með mótorhjólum, fólksbifreiðum og atvinnuökutækjum		6.5	3	12%																
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)			3	12%																
Alls (A.1+A.2)			3	12%																
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																				
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)			20	88%																
Alls (A+B)			23	100%																